

HJALTI HUGASON

Seigfljótandi siðaskipti

Viðhorf og staðalmyndir í siðaskiptarannsóknum

Um þessar mundir eru 500 ár liðin frá upphafi siðbótarstarfs Marteins Lúthers. Af því tilefni eru rannsóknir á siðbótinni sjálfri sem og pólitískum, félags- og menningarlegum afleiðingum hennar áhugavert og brýnt rannsóknarefni á öllum sviðum mann- og/eða hugvísinda hvort sem þau fjalla um einstaklinga eða samfélög í sögu eða samtíð.

Í byrjun þessa áratugar hleypti Guðfræðistofnun HÍ af stokkunum þverfræðilegu rannsóknarverkefni um áhrif siðaskiptanna á íslenska kristni, samfélag og menningu undir heitinu *Siðaskipti í sögu og samtíð* (stýtt í 2017. is). Á þeim árum sem liðin eru hafa verið haldnar fjölmargar málstofur og málþing um ýmis viðfangsefni sem tengjast rannsóknum og túlkunum á siðbótinni og afleiðingum hennar í bráð og lengd.¹ Þá var á síðastliðnu hausti gefið út safn ritgerða um áhrif Lúthers í víðum skilningi.² Þrátt fyrir að ljósi hafi þannig verið varpað á ýmis viðfangsefni sem tengjast siðbót, siðaskiptum og siðbreytingu (sjá síðar) verður tæpast sagt að atburðir á vegum verkefnisins eða ritgerðirnar í safninu séu til þess fallnar að valda þeim viðhorfsbreytingum í siðaskiptarannsóknum sem vissulega væru gagnlegar þegar hálf þúsöld er liðin frá þeim atburði sem talinn er hafa markað upphaf lúthersku siðbótarinnar. Þessari grein er vissulega ekki ætlað það metnaðargjarna hlutverk. Hér verður aðeins bryddað upp á nokkrum atriðum sem vert er að hafa í huga á þessu merkisafmæli og

¹ Sjá vefsíðu 2017.is, *Siðaskipti í sögu og samtíð: Þverfræðilegt rannsóknarverkefni um áhrif siðaskiptanna á íslenska kristni, samfélag og menningu, 2017.is*, sótt 29. ágúst 2017 af 2017.is.

² *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritsstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017.

fjölga þar með þeim sjónarhornum sem vonandi verður beitt við rannsóknir á þessu sviði á komandi tímum.

Siðbótarhreyfingin spratt upp úr kviku árnýaldar og var skilgetið afkvæmi hennar en árnýöld spannar tímabilið frá lokum miðalda til iðnbyltingar. Á því skeiði urðu margháttaðar breytingar í Evrópu. Má þar nefna vísindabyltinguna sem var forsenda síðari tíma raunvísinda, uppruna kapítalíska hagkerfisins og ekki síst hugmyndirnar um þjóðríkið. Siðbótarhreyfingin er meðal langæjustu og áhrifaríkustu fyrirbæranna frá þessu skeiði. Enn eru t.a.m. starfandi lútherskar kirkjur víða um heim en þær telja hugmyndaheim Lúthers liggja til grundvallar starfi sínu. Þar á meðal er íslenska þjóðkirkjan. Jafnvel er enn litið á Norðurlöndin og nokkur fleiri ríki sem lúthersk í ýmsu tilliti þótt vart eigi það lengur við um stjórnskipan þeirra nema í táknrænu tilliti og þá einkum í norrænu konungdæmunum.³ Í ljósi þess er ástæða til að spyrja hvað það merki á 21. öld að heil, alþjóðleg kirkjudeild sem og félagslegar og menningarlegar aðstæður í þeim heimshluta sem við Íslendingar tilheyrum skuli enn kenndar við nafngreindan einstakling af holdi og blóði sem uppi var á 16. öld. Gildir þá einu hvaða veruleiki kann að búa að baki þeirri nafngift nú.⁴ Eðlilegt hlýtur að teljast að spurt sé: Hvað lagði Lúther eða öllu heldur sú siðbótarhreyfing sem hann hratt af stað til trúarlegrar, sögulegrar, menningarlegrar og samfélagslegrar þróunar í Norður-Evrópu og síðar víðar um heim? Er þá einkum spurt hvort hinn lútherski arfur hafi ráðið úrslitum varðandi tilurð þeirra samfélags- og stjórnarháttanna sem ráða enn að einhverju leyti ríkjum hér á landi, á Norðurlöndum og annars staðar þar sem

³ Í stjórnarskrám Danmerkur og Svíþjóðar kemur fram að konungar þessara landa skuli tilheyra lúthersku kirkjunni. Danmarks Riges Grundlov af 5. juni 1953, (6.gr.), *danmarkshistorien.dk*, sótt 29. ágúst 2017 af <http://danmarkshistorien.dk/leksikon-og-kilder/vis/materiale/danmarks-riges-grundlov-af-5-juni-1953/#note1>. Successionsordning (1810:0926); Svensk författningssamling 1810:0926 (4. gr.), *Riksdagsförvaltningen.se*, sótt 29. ágúst 2017 af https://www.riksdagen.se/sv/dokument-lagar/dokument/svensk-forfattningssamling/successionsordning-18100926_sfs-1810-0926. Áhorfsmál er hvort líta megi svo á að þessi ríki séu lúthersk af þessum sökum. Ákvæðin fela einkum í sér að þjóðhöfðinginn skuli deila hefðbundinni, trúarlegri menningu meirihluta þjóðarinnar. Sjá Jonatan Sverker, „Kungen måste vara lutheran“, *dagen.se*, sótt 29. ágúst 2017 af <http://www.dagen.se/dokument/kungen-maste-vara-lutheran-1.112059>. Ekki er litið svo á að þjóðkirkjugrein (62. gr.) íslensku stjórnarskrárinnar skuldbindi íslenska ríkið umfram það að styrkja og vernda þjóðkirkjuna eða geri það á annan máta lútherskt.

⁴ Hjalti Hugason, „Hvenær urðum við lúthersk og hvenær hættum við að vera það? Leit að viðmiðum í siðaskiptasögu Íslendinga“, *Ritið* 2/2016, bls. 77–105, hér bls. 86–93.

lútherskur kristindómsskilningur varð ríkjandi í kjölfar siðaskipta. Með öðrum orðum: Réð lútherska siðbótin úrslitum um framkomu hins miðstýrða þjóðríkis sem náði hátindi sínum í einvaldsríkjum 17. og 18. aldar og síðar velferðarríkjum 20. og 21. aldar?⁵ Allt eru þetta spurningar sem vert er að glíma við nú er lútherskan hefur verið við lýði í hálfu þúsöld. Í þessari grein verður þó fyrst og fremst vikið að nokkrum grundvallarsjónarmiðum sem vert er að hafa í huga varðandi rannsóknir á siðbótinni og helstu afleiðingum hennar einkum hér á landi.

Hér verður gengið út frá að siðbótin en þó einkum siðaskiptin sem telja má beina afleiðingu hennar á hinu samfélagslega og/eða pólitíska sviði hafi falist í seigfljótandi þróun. Er þá annars vegar átt við að um langdregna og stigskipta þróun hafi verið að ræða er teygt hafi sig yfir nokkra áratugi.⁶ Líta má svo á að þar með hafi þróunin verið seigfljótandi á lengdina. Á hinn bóginn er litið svo á að þróunin hafi verið seigfljótandi á breiddina eða teygt sig yfir fjölmörg svið sem nú á dögum er venja að halda að meira eða minna leyti aðgreindum. Er þar átt við trúarlegt, kirkjulegt, pólitískt, félags- og menningarlegt svið. Á 16. öld voru takmörkin þarna á milli alls ekki eins skýr sökum þess að heimsmynd fólks var heildstæðari.

Siðbót, siðaskipti, siðbreyting

Hér er heitið siðbót notað blygðunarlaust um kirkjugagnrýni Lúthers og þá trúar- og guðfræðilegu hreyfingu sem af henni spratt þrátt fyrir að vissulega sé það ekki hlutlaust ef það er tekið bókstaflega.⁷ Ekki er hins vegar tekin afstaða til þess hér hvort allt sem Lúther kenndi eða aðhafðist hafi falið í sér umbætur eða framfarir. Hér er einvörðungu gengið út frá þeim skilningi sem almennt hefur verið viðtekinn í lúthersrannsóknum um langt skeið: sem sé að Lúther hafi ekki haft í hyggju að kljúfa miðalda-kirkjuna eða stofna nýja kirkjudeild heldur einvörðungu ætlað að vekja máls á gagnrýniverðum siðum og venjum í kirkju sinni og stuðla þannig að

⁵ Heimir Steinsson, „Samfélagsáhrif siðbótarinnar“, *Lúther og íslenskt þjóðlíf: Erindi flutt á ráðstefnu um Martein Lúther, er haldin var 4. nóvember 1983 í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá fæðingu hans*, ritstj. Gunnar Kristjánsson og Hreinn Hákonarson, Reykjavík: Hið íslenska Lúthersfélag, 1989, bls. 103–117. Sjá og ýmsar greinar í *Kirken og Europa*, ritstj. Jakob Balling, Århus: Aarhus Universitetsforlag, 2000.

⁶ Hjalti Hugason, „Hvenær urðum við lúthersk?“, bls. 77–105.

⁷ Frekar um siðbót, siðaskipti og siðbreytingu sjá Hjalti Hugason, „Heiti sem skapa rými: Hugleiðing um heiti og hugtök í siðaskiptarannsóknum“, *Ritið* 3/2014, bls. 191–229.

úrþótum. Það er svo annað mál að samskipti hans og kirkjuleiðtoga samtímans þróuðust með þeim hætti að hreyfingin fór úr böndunum jafnvel svo mjög að Lúther sá sitt óvænna að taka í taumana og sporna gegn því að sjónarmið hans hefðu of róttækar afleiðingar.⁸ Líta má svo á að siðbótinni ljúki með því að fram kom fastmótuð lúthersk kirkja álíka stofnunarvædd og sú er risið var gegn.⁹

Þegar kirkjuklofningur var orðinn að veruleika varð þess skammt að bíða að siðbótarhreyfingin tæki að hafa pólitískar afleiðingar að nútíma-skilningi og fléttast þar með saman við breytingar á ríkisvaldinu sem urðu um svipað leyti. Í upphafi hafði hreyfingin aftur á móti verið bundin við það svið sem nú á dögum er skoðað sem trúar- eða kirkjulegt og þar með „prívat“ eða einkalegt. Þróuninni á hinu opinbera sviði virðist raunhæft að skipta í tvo hluta. Annars vegar er þá átt við að fram hafi komið lúthersk kirkja er starfaði í nánnum tengslum við ríkisvaldið en hins vegar að fram hafi komið ríkisvald sem í Danaveldi var augljóslega grundvallað á lútherskum hugmyndum. Þegar um þessa trúar-pólitísku þróun er að ræða er þörf á öðru heiti en siðbót. Hér verður hún nefnd siðaskipti og líta má svo á að þau hafi að fullu verið gengið yfir þegar fram voru komin lúthersk kirkja og konungsríki.

Er þá enn ónefnd sú breyting er hugarheimur, lífshættir og samskiptaform alls almennings tók að mótast af heimsmynd og kenningum hinnar nýju kirkju og/eða ríkisvalds og til urðu lúthersk samfélög og menning. Þessi djúplæga, víðtæka og hægfara þróun er hér nefnd siðbreyting.

Séu þau heiti sem hér hafa verið kynnt heimfærð upp á íslenskar aðstæður verður eftirfarandi uppi á teningnum: Hér varð aldrei siðbót í þröngri merkingu ef undan er skilin starfsemi fámenns mennta- og aðalsmannahóps í Skálholti í tíð Ögmundar Pálssonar síðasta kaþólska biskupsins þar. Siðaskipti urðu aftur á móti hér á landi að frumkvæði Kristjáns konungs

⁸ Hér er einkum átt við viðbrögð Lúthers við þróun mála meðan hann dvaldi í öryggisgæslu í Wartburg en jafnframt viðbrögð hans við bændauppreisninni í heimalandi sínu og róttækum siðbótarmönnum (oft nefndir „vinglútrúarmenn“). Sjá Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther: Svipmyndir úr siðbótarsögu*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, bls. 139–151, 194–209. Carl Axel Aurelius og Steffen Kjeldgaard-Pedersen, *Nåd och frid i Kristus! Martin Luther i ljuset av hans brev*, Stokkhólmi: Verbum, 2017, bls. 73–99.

⁹ Loftur Guttormsson leit svo á að þessi breyting hafi verið gengin um garð hér á landi um aldamótin 1600 (sjá og síðar). Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi III, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 110.

III og með fulltingi helstu trúnaðarmanna hans innan kirkju og utan.¹⁰ Í þessu efni er ekki mögulegt að miða við einstök ártöl eins og löngum hefur verið gert.¹¹ Siðaskiptum var t.d. ekki lokið hér 1551 með lögfestingu kirkjuskipunar Kristjáns III í Hólabiskupsdæmi að Jóni Arasyni föllnum.¹² Þvert á móti verður að miða við að breytingin hafi staðið yfir í áratugi. Í *Kristni á Íslandi* leit Loftur Guttormsson t.d. svo á raunhæft væri að miða við aldamótin 1600 í því sambandi.¹³ Vel má fallast á það. Hér verða því áratugirnir 1540–1600 nefndir siðaskiptaáratugirnir. Er þá aðeins miðað við þróun hinnar lúthersku kirkju. Þróun lúthersks ríkisvalds er fyrst og fremst hluti danskrar sögu en fékk að sönnu beinar afleiðingar hér þar sem landið var hluti af ríki Danakonungs.¹⁴ Ördugra er á hinn bóginn að segja til um hvenær lúthersk siðbreyting hafi í raun verið gengin yfir hér enda mögulegt að miða við mörg og óskyld atriði í því efni. Líta verður svo á að breytingin hafi tekið aldir. Loftur Guttormsson leit þó svo á að hér skipti tímabilið frá miðri 16. öld til miðrar 19. aldar sköpum og má vel fallast á það.¹⁵ Allt eins má þó líta svo á að siðbreyting í þeirri merkingu sem orðið hefur hér felist í sístæðri þróun og henni ljúki ekki fyrr en tekið verður að líta svo á að einkennisorðið lúthersk hafi misst merkingu sína hvað varðar bæði kirkjuna og þjóðina.

Viðhorf og staðalmyndir

Ýmsir hafa rakið upphafið að siðbótarstarfi Marteins Lúthers til áfallareynslu og sálarflækja hans á fyrstu klausturárum hans (um 1505–1515).¹⁶ Standist sú túlkun átti siðbótin sér rætur djúpt í hugarfylgsnum hans sjálfs enda var einstaklingsvitund og sjálfsmynd fólks mjög í deiglu á árnýöld. Öðrum þræði má þó líka skoða siðbótina sem þröngt afmarkað fyrirbæri

¹⁰ Sjá Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan: Stjórnskipunarsaga 16. aldar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2013, bls. 13–15.

¹¹ Hjalti Hugason, „Hvenær urðum við lúthersk?, bls. 79–86.

¹² Kirkjuskipanin hafði verið lögfest í Skálholtsbiskupsdæmi áratug áður.

¹³ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 110.

¹⁴ Á árabílinu 1536–1539 var grunnur lagður að evangelísku ríki í Danmörku en það var ekki að fullu komið á sem samhæft, miðstýrt konungsríki fyrr en með einveldinu 1661.

¹⁵ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 9, 360.

¹⁶ Klassískt dæmi þessa er að finna í Erik H. Erikson, *Young man Luther: A study in psychoanalysis and history*, London: Faber and Faber, 1958. Sjá og Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther*, bls. 40–45.

á vettvangi akademískrar guðfræði. Uppruna siðbótarhreyfingarinnar má sem kunnugt er rekja til 95 greina eða yrðinga sem Lúther kann að hafa neglt upp á dyr Hallarkirkjunnar í Wittenberg kvöldið fyrir allraheilagra messu 1517.¹⁷ Megintilgangur þeirra var ugglaut að koma af stað akademískri umræðu um efni þeirra sem einkum laut að guðfræðilegum rökum gegn sölu aflátsbréfa sem Lúther eins og svo margir aðrir á þessum tíma taldi að hefði farið úr böndum.¹⁸

Hafi Lúther í raun neglt greinarnar á hurðina en ekki látið nægja að senda þær helsta trúnaðarmanni páfa á svæðinu, erkibiskupinum í Mainz, gæti það bent til að ekki hafi einvörðungu vakað fyrir honum að hleypa af stað umræðu í kirkjunni og/eða háskólasamfélaginu heldur hafi önnur markmið einnig ráðið för og þá einkum að ná athygli almennings. Greinarnar voru þó upphaflega birtar á latínu, alþjóðamáli háskólans, og ekki þýddar á þýsku fyrr en 1518 en hlutu þá skjóta útbreiðslu með tilstyrk prenttækninnar.¹⁹ Bendir það til að þeim hafi í upphafi verið beint að háskólasamfélaginu. Hvort sem áróðurs- eða almannatengslasjónarmið lágu til grundvallar þýðingunni er ljóst að siðbótarhreyfingin var upphaflega akademísk eðlis. Hún fjallaði um guðfræðilegar túlkanir á umdeildu kenningaratriði sem talið var hafa umtalsverð efnahagsleg áhrif m.a. í Þýskalandi þaðan sem stórfé streymdi úr landi til Rómara vegna framgöngu aflátssala sem Lúther áleit hafa farið út fyrir umboð sitt hvað svo sem valdi páfa til aflausnar af syndum annars liði. Þá snerist gagnrýni Lúthers ekki aðeins að hreinum guðfræðilegum atriðum heldur einnig að kennslufræði háskólanna einkum í guðfræði og lögfræði og þá aðallega í kirkjurétti.²⁰

¹⁷ Eins og við er að búast hefur skjalið sem neglt var á kirkjuhurðina ekki varðveist. Því verður þessi sögn ekki staðfest endanlega. Sjá Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther*, bls. 10, 76–77. Enn er á hinn bóginn venja við ýmsa háskóla að negla upp útdrátt úr doktorsritgerðum sem búið er að samþykka til varnar. Sú forna venja rennir stoðum undir sögnina. Fyrstu sjö greinarnar fjalla um yfirbótina, gr. 8–29 um aflát frá hreinsunareldinum, gr. 30–80 hafa að geyma gagnrýni Lúthers á aflátssöluna almennt en gr. 81–95 rekja áður fram komna gagnrýni á aflátið. Jóhann Hannesson, „Siðbótargreinar Lúthers, sem festar voru upp á hurð hallarkirkjunnar í Wittenberg 31. október 1517“, *Orðið* 9. árg., 1/1973, bls. 3–7, 30. Carsten Bach-Nielsen, „1500–1800“, *Kirkens historie* 2, Kaupmannahöfn: Hans Reitzels forlag, 2012, bls. 17–381, hér bls. 39.

¹⁸ Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther*, bls. 70–80.

¹⁹ Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther*, bls. 77.

²⁰ Marteinn Lúther, *Til bins kristna aðals þýskrar þjóðar: Um siðbót þeirrar kristilegu stéttar árið 1520*, ísl. þýð. og inng. eftir Vilborgu Auði Ísleifsdóttur, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2012, bls. 159–170.

Siðbótarhreyfingin sprengdi fljótt af sér upprunalega ramma hvort sem þeir voru sálrænir eða guðfræðilegir og tók að hafa stöðugt viðtækari afleiðingar á pólitísku, samfélagslegu og menningarlegu sviði. Flækjustigið í siðbótar- og siðaskiptarannsóknum er því æði hátt þar sem skýra þarf hvernig þróun mála á hinum ýmsu sviðum tengist. Málin flækjast enn þegar þess er gætt að mörk þess hvað sé trúarlegt og hvað pólitískt, hvað einkalegt og hvað félagslegt lágu allt annars staðar á 16. öld en þau gera nú. Því er ljóst að við rannsóknir á þessu sviði er óhjákvæmilegt að ganga út frá ýmiss konar alhæfingum sem hér verða flokkaðar í viðhorf og staðalmyndir.²¹

Með viðhorfum er hér átt við grundvallarviðhorf sem um margt má líkja við það sem bandaríski vísindasagnfræðingurinn Thomas S. Kuhn (1922–1996) nefndi *paradigm* og þýtt hefur verið með viðmið. Með því átti Kuhn við rit sem gefa „[...] um tíma óbeina skilgreiningu á réttmætum viðfangsefnum og rannsóknaraðferðum fyrir næstu kynslóðir vísindamanna.“²² Viðmiðanir af þessu tagi taldi hann gefa tóninn um þekkingarsköpun, rannsóknir, skýringar og túlkanir uns nýjar niðurstöður tækju að grafa undan þeim og ný viðmið ryddu sér til rúms í vísindabyltingu. Hugmyndir Kuhns hafa verið túlkaðar svo að fylgismenn mismunandi viðmiða gangi út frá ólíkum myndum af heiminum sem geri það að verkum að torvelt sé að bera kenningar þeirra saman.²³ Sjálfur hafnaði Kuhn því að í kenningu hans um viðmið, gildi þeirra og áhrif fælist afstæðishyggja um sannleikann. Í þeim kann þó að felast afstæðishyggja varðandi gildi vísindalegra staðhæfinga og höfnun á algildum vísindalegum mælikvörðum og þar með túlkunum.²⁴ Svipuðu máli gildir um það sem nefnt er viðhorf hér. Með því að viðurkenna gildi fyrirfram gefinna viðhorfa við siðaskiptarannsóknir er viðurkennt að mögulegt sé að túlka þau á viðunandi máta, sem og að túlkanir geti vikið hver frá annarri án þess að nein ein geti talist sú rétta eða endanlega.²⁵

²¹ Sjá og Hjalti Hugason, „Hvenær urðum við lúthersk?“, bls. 98–99.

²² Thomas S. Kuhn, *Vísindabyltingar*, ísl. þýð. eftir Kristján Guðmund Arngrímsson með inng. eftir Eyju Margréti Brynjarsdóttur, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2015, bls. 80–81.

²³ Eyja Margrét Brynjarsdóttir, „Inngangur“, *Vísindabyltingar*, ísl. þýð. eftir Kristján Guðmund Arngrímsson með inng. eftir Eyju Margréti Brynjarsdóttur, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2015, bls. 9–49, hér bls. 33.

²⁴ Sjá Eyja Margrét Brynjarsdóttir, „Inngangur“, bls. 42.

²⁵ Mikilvægt er að þau viðhorf sem gengið er út frá hverju sinni leiði til túlkunar sem er sjálfri sér samkvæm, á hinn bóginn er hér talið ómögulegt að krefjast þess að þau leiði til túlkana sem hægt sé að sýna fram á að séu fyllilega samkvæmar sögulegum veruleika í þessu tilviki á 16. öld. Túlkanirnar verða þó að standast sagnfræðilega prófun sem m.a. getur leitt í ljós hvort í þeim felast tímaskekkjur. Lars Bergström,

Fer mat manna á þeim þá mjög eftir viðhorfinu sem hver og einn gengur út frá.

Hér er litið svo á að við rannsóknir á jafnflóknu ferli og siðbótin og fjölþætt áhrif hennar, siðaskipti og siðbreyting, eru sé óhjákvæmilegt að ganga út frá fyrirfram gefnu viðhorfi til þessara fyrirbæra sem þjónar þá sem forsenda fyrir túlkun á eðli þeirra og samhenginu í siðaskiptaþróun 16. aldar. Viðhorfið gerir það að verkum að mögulegt er að draga upp skýra og samstæða mynd af þróuninni, þar á meðal orsökum og afleiðingum. Viðhorfið mótar síðan óhjákvæmilega allar túlkanir og ályktanir sem dregnar verða af myndinni. Það sem máli skiptir er að viðhorfin sem gengið er út frá séu raunhæf miðað við það viðfangsefni sem kannað er hverju sinni sem og það tímabil sem um er að ræða, í samhengi þessarar greinar, siðbótina og siðaskiptin einkum á Íslandi á 16. öld.

Í öndverðri söguritun um siðaskiptin hér var gengið út frá trúarlegu viðhorfi í þessu efni eins og vel kemur fram í *Biskupasögum* Jóns Halldórssonar (1665–1736) í Hítardal en þar var litið á siðaskiptin sem „dásendarverk drottins“ er látið hafi „[...] það skæra og sáluhjálplega evangeliu ljós og sanna guðs þekking og þjónustu [...]“ taka við af „[...] yfirdrotnandi páfadómsins villu- og vantrúar-myrkrum [...]“.²⁶ Þegar nútímaleg kirkjusögurritun um siðaskiptin hófust hér á síðari hluta 19. aldar hafði þessi túlkun vikið fyrir pólitísku viðhorfi. Þetta kemur glögggt fram í bók Þorkels Bjarnasonar (1839–1902) prests á Reynivöllum í Kjós en hann leit svo á að þau öfl er helst tókust á við siðaskiptin, þ.e. konungur og „katólskur klerklýður“, hafi átt sammerkt í að þeir hafi notað „[...] trúna sem meðal til að ná veldi og veraldlegum hagsmunum [...]“.²⁷ Viðhorf af líku tagi voru ríkjandi í hérlendum siðaskiptarannsóknum á 20. öld. Viðhorfsbreytingu má aftur á móti skynja í túlkunum Vilborgar Auðar Ísleifsdóttur sagnfræðings beggja vegna síðustu aldmóta en í riti sínu *Siðbreytingin á Íslandi 1537–1565. Byltingin að ofan* (1997) setur hún fram eftirfarandi túlkun:

Objektivitet: En undersökning av innebörden, möjligheten och önskvärdheten av objektivitet i samhällsvetenskapen, Stokkhólmi: Bokförlaget Prisma, 1976. Samkvæmni og samræmi var lengi talið trygging fyrir hlutlausri og hlutlægni rannsóknarniðurstöðu.

²⁶ Jón Halldórsson, *Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar í Hítardal: Með viðbæti I*, Reykjavík: Sögufélag, 1903–1910, bls. 1.

²⁷ Þorkell Bjarnason, „Formáli“, *Um siðbótina á Íslandi*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1878, bls. 5–6, hér bls. 5.

Þróun miðstýrðs ríkisvalds, sem var samofin konungsvaldinu, og siðbreytingin eru tveir þættir í sögulegri framvindu. *Rétt er að halda þeim aðskildum. Þeir komu fram um svipað leyti og höfðu áhrif hvor á annan.* Tenging þessara þátta gaf siðbreytingarhreyfingunni nauðsynlegt afl til þess að skipta um forystu kirkjunnar og umskapa hana. Því hlaut hún ekki þau örlög að verða að skammlífri „villutrúarhreyfingu“ [leturbr. höfundar].²⁸

Hér gætir nýs viðhorfs í því að greint er skilmerkilega milli pólitískrar og trúar- og/eða kirkjulegrar þróunar á 16. öld, þ.e. framkomu miðstýrðs konungsvalds og siðbótarinnar sem Vilborg nefnir siðbreytingu eins og algengt er núorðið ef eitt regnhlífarheiti er viðhaft um siðbót, siðaskipti og siðbreytingu.²⁹ Hún bendir á hinn bóginn réttilega á að um samtímaleg fyrirbæri er að ræða er haft hafi ýmis gagnkvæm áhrif í báðar áttir. Í tilvitnuninni kemur fram að sú tenging hafi nýst siðbótarmönnum til að ná markmiðum sínum, þ.e. að umskapa kirkjustjórnina. Í ritinu kemur síðan fram að siðbótin gagnaðist jafnframt konungsvaldinu þótt ekki sé þess getið í þessum mikilvægu aðfaraorðum ritsins.³⁰ Af þessu viðhorfi virðist mega ráða að siðaskiptin verði ekki alfarið túlkuð sem pólitískt ferli, eins og raun hafði verið mikinn hluta 20. aldar, heldur séu þau fjölþættari og að beita þurfi fjölbreyttum sjónarhornum við rannsóknir og túlkningar á þeim. Þetta er frjó nálgun og í líkum anda og kallað var eftir hér. Þess skal getið að þau gagnkvæmu áhrif sem Vilborg gerir ráð fyrir milli hinnar pólitísku og kirkjulegu þróunar eru þeim mun mikilvægari þegar þess er

²⁸ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Siðbreytingin á Íslandi 1537–1565: Byltingin að ofan*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997, bls. 11. Sjá og sama, *Byltingin að ofan: Stjórnskipunarsaga 16. aldar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2013, bls. 13. (Bækurnar eru að mestu samhljóða sjá Loftur Guttormsson og Helgi Skúli Kjartansson, „Siðaskiptin og fátækraframsæsla: Athugasemdir í tilefni af nýlegum útlekkingum“, *Saga* LII, 1/2014, bls. 119–143, hér bls. 120). Viðhorf andstætt því sem fram kemur hjá V.Í. má sjá hjá Árna Daníel Júlíussyni er hann segir m.a. að gjörbreytt „hag- og þjóðfélagskerfi“ hafi komist hér á eftir 1550 „[...] fyrir tilstuðlan siðbreytingarinnar hér á landi.“ Árni Daníel Júlíusson, *Farðeignir kirkjunnar og tekjur af þeim 1000–1550*, Reykjavík: Center for Agrarian Historical Dynamics, 2014, bls. 245

²⁹ Sjá Hjalti Hugason, „Hverju breytti siðbreytingin? Tilraun til endurmat í tilefni af páfakomu“, *Kirkjuritið* 55. árg., 1.–2. h., júní 1989, bls. 71–99, hér bls. 76–77. Sami „Hvenær urðum við lúthersk?“, bls. 99–100.

³⁰ Beinir hagsmunir konungs fólust m.a. í að auka eignir sínar hér á landi og þar með tekjur af landinu. Afstaða lútherskra manna til klausturlífs opnuðu greiða leið í þessu efni.

gætt að á 16. öld var ríkjandi heimsmynd mun heildstæðari og trúarlegri en nú er í okkar heimshluta en litið var svo á að bæði sviðin, hið pólitíska og kirkjulega, væru undir vald Guðs seld.³¹

Á grundvelli viðhorfa í þeirri merkingu sem hér er gengið út frá eru dregnar upp nákvæmari myndir af þeim fyrirbærum sem til rannsóknar eru hverju sinni og fela þær í sér frekari túlkanir. Sumar slíkar myndir verðskulda að kallast staðalmyndir umfram aðrar. Það er vegna þess að þær eru líklegri til að hafa víðtækari áhrif eða gefa tóninn í ríkari mæli en aðrar og staðla þannig mynd almennings af því sem til umræðu er. Staðalmyndir af þessu tagi eru á hinn bóginn staðlaðar sjálfar af þeim sökum að þær byggja á og mótast af ákveðnum fyrirfram gefnum og viðteknum viðhorfum. Staðalmyndir eru áhugaverðar vegna þess að þær veita skýra en þó oft einfaldaða mynd af þeim túlkunum sem ríkjandi eru á hverjum tíma á hinum ýmsu viðfangsefnum fræðanna. Þær eru því greinargóður vitnisburður um ríkjandi túlkanir. Þar með er þó ekki sagt að þær séu alltaf byggðar á nýjustu, fræðilegu þekkingu á viðkomandi sviði.

Þegar leitað er áhugaverðra staðalmynda af siðbótinni og/eða siðaskiptunum í tilefni af 500 ára hátíðarárinu verður ákveðnum kröfum að vera fullnægt. Staðalmynd verður að vera sótt til nýlegs rits sem hlotið hefur umtalsverða og jákvæða umfjöllun og er samið af viðurkenndum höfundum. Þá má siðbótin/siðaskiptin ekki vera hið eiginlega umfjöllunar- eða rannsóknarefni höfundar. Þá væri um rannsóknarniðurstöðu en ekki staðalmynd að ræða. Þvert á móti verður siðbótinni og nánustu afleiðingum hennar að vera lýst í framhjáhlaupi. Staðalmynd byggist með öðrum orðum ekki á sjálfstæðum rannsóknum höfundar heldur er hún t.d. hluti af þeim bakgrunni sem hann dregur upp til að setja efni sitt í víðtækara samhengi. Áhugavert dæmi um slíka staðalmynd er að finna í upphafi hins mikla rits Viðars Hreinssonar um Jón lærða og náttúrun náttúrunnar. Viðar er virtur fræðimaður sem sent hefur frá sér mörg verk sem notið hafa viðurkenningar. Þá hlaut ritið almennt lofsamleg ummæli er það kom út (2016).³² Það var tilnefnt til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2017 og hlaut viðurkenningu Hagþenkis fyrir það ár. Þá hefur ritið vakið verð-

³¹ Enn í dag er slík heildstæð heimsmynd ríkjandi víða um heim og nánari tengsl milli pólitíkur og trúarbragða en raun er á í vestrænum löndum. Nægir í því sambandi að benda á mörg ríki múslima.

³² Í ritdómi í *Sögu* eru að sönnu sagðir kostir og lestir á ritinu sem fær þó yfirgnæfandi lofsamleg ummæli. Már Jónsson, „Ritdómur/Jón lærði og náttúrun náttúrunnar [...]“, *Saga LV*, 1/2017, bls. 187–192, hér sjá einkum bls. 189.

skuldaða athygli almennings. Sú mynd sem Viðar dregur upp af siðbót og siðaskiptum hér á landi fyllir því öll skilyrði sem gera verður til þess sem hér er nefnt staðalmynd. Mynd hans er þannig:

Langflestir bændur voru leiguliðar (95–96%) sem börðust yfirleitt í bökkum við að halda í horfinu og standa skil á landskuldum og leigum. Ríkustu landeigendurnir voru í hópi höfðingja og valdsmanna sem héldu sig vel og bitust um auð og völd, bröskudu sleitulítið með jarðir. Þeir voru í óðaönn að koma sér fyrir við nýjar aðstæður eftir *sviptingar siðaskiptanna*, þegar kirkjan var í einu vefangi svipt eignum sínum og völdum.³³ Fram að siðaskiptum höfðu biskupar borið ægivald yfir landsmönnum í krafti *auðæfa kirkjunnar* og veraldlegir höfðingjar oft orðið að lúta þeim. *Nú var kirkjan kyrfilega undir konungsvaldinu og átti samleið með landeigendum og embættismönnum. Smælingjar áttu það til að velta því fyrir sér hvar Guð og miskunn hans væri að finna í þessu kerfi.*

Um það leyti sem strákurinn í fjörinni á Ströndum fæddist [þ.e. Jón lærði sem fæddist 1574 — innsk. höfundar], voru guðsmenn fullir metnaðar fyrir hönd hins nýja siðar að taka til hendinni við að uppfæða lýðinn með *útgáfustarfi, vísindum og fræðum*. Þeir urðu helstu frumkvöðlar húmanismans og fornmenntastefnunnar á Íslandi. Lærdómsöld gekk í garð, menningarleg endurreisn sem í senn einkenndist af þekkingarlegri nýsköpun og *bertu andlegu valdi sem þrængdi að trúarlífínu*. Nýjar hugmyndir um náttúru og menningu tóku að mótast um leið og lútherskur rétttrúnaður.³⁴ [Leturbr. höfundar]

³³ Á öðrum stað segir V.H. aftur á móti að á 17. öld hafi konungsvaldið gert kirkjuna að „[...] hækju sinni í valdakerfinu.“ Viðar Hreinsson, *Jón lærði og náttúrur náttúrunnar*, Reykjavík: Lesstofan, 2016, bls. 636, sjá og bls. 637, 650. Svipuð staðalmynd kemur fram í Þorkell Jóhannesson, „Í dögum nýrrar aldar“, *Lýðir og landslagir I*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1965, bls. 326–333, hér bls. 329. Þessi lýsing á betur við þann tíma en siðaskiptatímanna á 16. öld. Þessi tengsl kirkju og konungsvalds voru þó alls ekki bundin við hinn lútherska heim heldur eiga allt eins við í kaþólskum löndum eins og t.a.m. Frakklandi. Hjalti Hugason, „Hverju breytti siðbreytingin? bls. 92–97.

³⁴ Viðar Hreinsson, *Jón lærði og náttúrur náttúrunnar*, bls. 22–23. Svipað mat á hinum efnahagslegu afleiðingum siðaskiptanna virðist koma fram hjá Árna Daníel Júlíussyni sjá Árna Daníel Júlíusson, *Jarðeignir kirkjunnar*, bls. 244–246.

Burðarþolsmæling

Þegar rýnt er í þessa staðalmynd kemur ýmislegt áhugavert í ljós. Hér eru siðaskiptin sett í víðtækt hag-, félags- og menningarsögulegt samhengi og það er gott. Þá má benda á að í framhjállaupi afhjúpar Viðar Hreinsson þá lífseigu goðsögn að gamla, íslenska bændasamfélagið hafi verið einsleitt og stéttlaust. Bændastéttin var þvert á móti klofin í andstæðar hagsmunafylkingar. Stórjarðeigendur áttu meginhluta allra jarðeigna og áttu að því leyti samleið með helstu höfðingjum landsins en allur þorri bændu var leiguliðar.³⁵ Þeir hafa þó ekki allir barist í bökkum. Þvert á móti hafa leiguliðar búið við misjöfn kjör eftir því hve góðs jarðnæðis þeir nutu, hversu mikil festa ríkti um ábúð þeirra og hvernig þeim búnaðist. Þá virðist látið í veðri vaka að siðaskiptin hafi leitt til meiri háttar efnahagslegra sviptinga eða uppstokkunar er stóreignastéttin hafi þurft að bregðast við, þ.e. koma sér fyrir að því er virðist í nýju efnahagskerfi. Spyrja má hvort nægileg innistæða sé fyrir þessum þætti staðalmyndarinnar (sjá síðar).

Sé vikið að siðaskiptunum sjálfum í þrengri kirkjusögulegri merkingu gerir Viðar ráð fyrir sviptingasömum og snöggum umskiptum er falist hafi í að kirkjan í landinu hafi verið svipt eignum sínum og völdum og komið kirfilega fyrir undir konungsvaldinu, að því er virðist orðið ríkiskirkja, er átt hafi samleið með hástéttinni, landeigendum og embættismönnum. Sú staðalmynd sem hér er dregin upp samræmist eins og sýnt verður fram á ekki því viðhorfi sem mælt er fyrir í þessari grein og felst í því að siðaskiptin hafi ekki verið skyndileg heldur falist í seigfljóttandi þróun er staðið hafi yfir í áratugi.

Við þennan þátt staðalmyndarinnar er vert að staldra frekar. Það er rétt að á miðöldum var hátt í helmingur jarðeigna í landinu eða um 45% í kirkjulegri eigu.³⁶ Hér var þó ekki um að ræða óskiptan eignahöfuðstól er kirkjan sem stofnun eða biskuparnir fyrir hennar hönd fóru með heldur

³⁵ Á tímabilinu 1000–1800 var rekstur stórjarðeigna í Evrópu einkum með tvennum hætti. Annars vegar leigðu jarðeigendur út jarðir sínar til leiguliða sem greiddu afgjöld í búvörum en voru að mestu frjálisir að öðru leyti (þ. *Grundberrnschaft*). Hins vegar voru leiguliðar skyldir til að vinna á höfuðbóli en höfðu aðeins smájörð eða grasnytjar til eigin framfærslu (þ. *Gutsherrnschaft*) og voru því mun háðari landeiganda. Hér var fyrra rekstrarformið ríkjandi. Árni Daníel Júlíusson, *Jarðeignir kirkjunnar*, bls. 13–15.

³⁶ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 85. Sem dæmi um kirknaeignir um siðaskipti mun Hólastóll hafa átt um 350 jarðeignir en Skálholtstóll um 250 en flest klaustranna níu um 50 jarðir. Árni Daníel Júlíusson, *Jarðeignir kirkjunnar*, bls. 133, 227.

voru „kirkjueignirnar“ í eigu fjölmargra kirkjulegra sjálfseignarstofnana er hver um sig laut eigin forsjár- eða rekstraraðila og var fjárhagsstaða þeirra ærið misjöfn.³⁷ Eignirnar dreifðust á biskupsstólana tvo, þau níu klaustur sem starfandi voru á siðaskiptatímanum og loks sóknarkirkjur landsins. Um 1570 mun nærri helmingur kirknanna ásamt þeim jarðeignum sem þeim fylgdu hafa verið í eigu eða í það minnsta á forræði leikmanna. Það sýnir þá einföldun sem í því felst að ræða um „kirkjueignir“ sem einn pott. Við siðaskiptin var tekið að líta á klaustur sem óþarfar stofnanir kirkjulega séð sem leggja bæri af. Konungur lagði í framhaldi af því hald á eignir þeirra bæði lausar og fastar en talið er að klaustrin hafi þá átt samtals um 14% jarðeigna í landinu. Við þetta rýrnaði samanlagður eignahöfuðstóll kirkjulegra stofnana og varð tæpur þriðjungur jarðeignanna.³⁸ Þá hafði konungur makaskipti á jörðum við Skálholtsstól með því að leysa til sín útvegsjarðir á Suðurnesjum í skiptum fyrir jarðir í Borgarfirði sem gáfu af sér rýrari tekjur. Þannig skertist afrakstur stólseignanna nokkuð enda var að því stefnt að skerða kjör biskupa sem áður höfðu haldið sig líkt og aðalsmenn.³⁹ Biskupsstólarnir héldu að öðru leyti eignum sínum lítt rösk-uðum fram til aldamótanna 1800 er biskupsdæmin voru sameinuð og hinir fornu stólar seldir með eignum sínum.⁴⁰ Vissulega eru til einhver dæmi um nýja eignaskiptasamninga milli kirkna og (stór-)jarðeignenda á siðaskiptatímanum þar sem talið var að kirkjur ættu óþarflega miklar eignir.⁴¹ Ekkert bendir þó til að þetta hafi gerst víða eða að eignir sóknarkirkna hafi almennt verið skertar á þessum tíma.⁴² Jarðeignir mynduðu svo áfram undirstöðu undir hagkerfi sóknanna þar á meðal tekjum presta fram yfir

³⁷ Árni Daníel Júlíusson lítur á hinn bóginn svo á að eignir kirkjulegra stofnana hafi ekki aðeins tilheyrt „[...] einhverri sérstaklega þjóðlegri stofnun [...]“ heldur verið „[...] í eigu hinnar alþjóðlegu kaþólsku kirkju [...]“. Þá lítur hann svo á að „[...] yfirstjórn þeirra [hafi verið] í Róm.“ Árni Daníel Júlíusson, *Jarðeignir kirkjunnar*, bls. 245. Hér er litið svo á að hugmyndin um eignarrétt hinnar alþjóðlegu kirkju á jarðeignum hér á landi sé afar fræðileg sem og að páfi hafi haft ákaflega takmarkaða möguleika til að hafa hér einhver áhrif hvað jarðeignir áhræði.

³⁸ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 84–85, 87.

³⁹ „Den danske kirkeordinans, 1539 („Den rette ordinants“), *Kirkeordinansen 1537/39*, [án útgst.]: Akademisk Forlag, 1989, bls. 150–247, hér bls. 218–222. Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 85.

⁴⁰ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 320–326.

⁴¹ Samningur Ólafs Hjaltasonar biskups og Nikulásar Þorsteinssonar um kirkjuhlutann í Reykjavíki 6. sept. 1555/1557, *Íslenskt fornbréfasafn XIII*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1933–1939, bls. 92–94.

⁴² Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 85–87.

aldamótin 1900 er ríkið tók að ábyrgjast laun þeirra gegn yfirráðum og síðar eignarrétti á kirknajörðum undir lok 20. aldar.⁴³ Fullyrðingar þess efnis að kirkjan hafi í einu veffangi verið svipt eignum sínum við siðaskipti eru því stórlega yfirdrífna svo vægt sé til orða tekið.⁴⁴ Þá ber þess að gæta að tekjur og önnur fjárhagsumsvif einstakra kirkjulegra stofnana, þar á meðal sóknanna, voru mjög mismunandi eftir því hvaða eignahöfuðstóll fylgdi hverri og einni. Leiddi þetta m.a. til þess að efnahagur presta var mjög ójafn og stéttin margklofin ekkert síður en bændastéttin. Á siðaskiptatímanum hafa því vissulega verið til kirkjumenn sem deildu kjörum með stórlandeigendum og „embættismönnum“. Aðrir hafa deilt kjörum með lakar settum bændum og jafnvel búið við fátækt.⁴⁵

Spurningin um hvort kirkjan og þá einkum biskuparnir hafi verið „rúin völdum“ við siðaskipti er jafnvel enn flóknari. Vissulega dró lúthersk guðfræði úr sérstöðu biskupa í hópi klerka. Í lútherskum kirkjum er t.a.m. ekki litið svo á að biskupsvígsla sé í eðli sínu annað en vígsla til prestsembættis.⁴⁶ Þá var eins og fram er komið keppikefli í danska ríkinu og raunar víðar að setja fjárhags- og félagslegri stöðu biskupa ný og hóflegri mörk en verið hafði. Loks skyldi embættistitli biskups breytt í súpérintendent (tilsjónarmaður) og biskupinn þar með gerður að nokkurs konar yfir-prófasti í kirkjunni.⁴⁷ Álitamál er aftur á móti hvernig til tókst með framkvæmdina ekki síst hér á landi. Staða fyrstu evangelísku biskupanna var vissulega tvísýn enda leiddu siðaskiptin til margháttaðrar tímabundinnar upplausnar á fjölmörgum sviðum.⁴⁸ Rammast kvað að þessu í tíð Marteins Einarssonar (biskup 1549–1556) sem sagði af sér embætti tuttugu árum fyrir dauða

⁴³ Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi IV, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 9–195, hér bls. 73–74. Samkomulag um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar 10. janúar 1997, *kirkjuthing.is*, sótt 31. ágúst 2017 af <http://kirkjuthing.is/log-og-reglur/adrar-heimildir/samkomulag-um-kirkjujardir-og-launagreiðslur-presta-og-starfsmanna-thjodkirkjunnar-10-januar-1997/>.

⁴⁴ Sjá Árne Daníel Júlíusson, *Farðeignir kirkjunnar*, bls. 244.

⁴⁵ Ekki eru tók á að áætla tekjur presta á 16. öld. Rannsóknir sem taka til síðari tíma sýna á hinn bóginn margfaldan tekjumun sem ekki er ástæða til að ætla að hafi verið nýlega til kominn þótt tekjuupphæðir hafi auðvitað breyst í tímans rás. Hjalti Hugason, *Bessastadaskolan: Ett försök till prästskola på Island 1805–1846*, Uppsala; Uppsala universitet, 1983, bls. 37–42.

⁴⁶ Einar Sigurbjörnsson, *Orðið og trúin: Trúfræðipættir*, Reykjavík: [án útg.], 1976, bls. 39–66.

⁴⁷ „Den danske kirkeordinans, 1539 („Den rette ordinants“), bls. 218–222.

⁴⁸ Sjá Hjalti Hugason, „Siðbót og sálarangist. Um ofbeldi spennu, átök og hrun á siðbótartímanum“, *Skírnir*, 189. ár, vor/2015, bls. 53–85, hér 67–76.

sinn og var líklega fyrsti Íslendingurinn til að lifa kulnun í starfi ef ekki enn hastarlegri skakkaföll. Í tíð eftirmanns hans, Gísla Jónssonar (biskup 1558–1587), og enn frekar Odds Einarssonar (biskup 1589–1630) tók landið aftur á móti að rísa í Skálholtsbiskupsdæmi og um svipað leyti í tíð Guðbrands Þorlákssonar (biskup 1571–1627) fyrir norðan. Spurning er hvort formleg og óformleg valdastaða þessara biskupa og ýmissa eftirmanna þeirra einkum á 17. öld hafi verið öllu veikari en miðaldabiskupanna sem vart rísa allir undir þeirri lýsingu að þeir hafi borið ægivald yfir landsmönnum. Í því sambandi má líka spyrja hvort vald biskupa jafnvel yfir höfðingjum hafi einvörðungu eða aðallega hvílt á auðæfum kirkjunnar eins og Viðar Hreinsson lætur liggja að í staðalmynd sinni. Spurning er hvort andlegt og trúarlegt vald hafi þar ekki einnig valdið miklu. Fer mat í því efni fyrst og fremst eftir því viðhorfi sem gengið er út frá hverju sinni. Í þessum hluta staðalmyndar sinnar á Viðar þó líklega fyrst og fremst við veraldlegt vald.

Enn er ástæða til að staldra við ummæli þess efnis að kirkjan hafi þegar við siðaskiptin verið kirfilega seld undir konungsvaldið en af ummælum þess efnis má draga þá ályktun að hér hafi komist á ríkiskirkja strax í kjölfar þeirra. Það er einföldun. Lengi eftir siðaskipti naut kirkjan á Íslandi margháttaðrar sérstöðu þótt kirkjuskipan Kristjáns III hafi verið innleidd hér formlega.⁴⁹ Stafaði það af kyrrstöðu samfélagsins sem vann gegn hröðum breytingum á kirkju og kristnihaldi sem og því hve langt var í miðstöðvar valdsins og hve möguleikar hins miðstýrða konungsvalds til afskipta hér voru enn takmarkaðir. Þegar um miðja síðustu öld færði Björn Karel Þórólfsson rök að því að hér hafi komist á landskirkja í kjölfar siðaskipta sem um margt hafi mótast af fyrirkomulagi miðaldanna og öðlast ýmiss konar sérstöðu miðað við kirkjuna í Danmörku sem þróaðist hraðar til lútherskrar áttar. Ríkiskirkju taldi hann aftur á móti ekki hafa komist hér á fyrr en komið var fram á 18. öld og hafi munað þar mest um vísitátíuferð Ludvigs Harboe (1709–1783) rétt fyrir miðja öldina.⁵⁰ Má vel fallast á það mat.

⁴⁹ Hjalti Hugason, „Evangelisk traditionalism – Gudbrandur Thorlákssons konsolideringssynoder under 1570- och 1590-talen“, *Reformationens konsolidering i de nordiska länderna 1540–1610*, ritstj. Ingmar Brohed, Ósló: Universitetsforlaget, 1990, bls. 96–118.

⁵⁰ Björn Karel Þórólfsson, „Inngangur“, *Biskupsskjalasafn*, Skrár þjóðskjalasafns III, Reykjavík: [án útg.], 1956, bls. 7–76, hér bls. 68. Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 309–313.

Hér koma einnig til álita ummælin um að kirkjan hafi átt „samleið með landeigendum og embættismönnum“. Eins og fram er komið áttu kirkjulegar stofnanir nálega helminginn af jarðeignum landsins enda voru jarðeignir eini hugsanlegi rekstrarhöfuðstóll biskupsstóla og sókna og voru jafnframt eina leiðin til að binda þær tekjur sem til féllu umfram útgjöld þegar því var að skipta. En á þessum tíma var hvorki hægt að ávaxta laust fé né fjárfesta í öðru en landbúnaði hér á landi. Eftir siðaskipti áttu þessi ummæli við um biskupana og þá presta sem hlutu auðugustu brauð landsins að léni en þeir áttu tvímælalaust samleið með stórbjarðeigendum einkum biskuparnir. Prestar í fátækari prestaköllum bjuggu á hinn bóginn við annan efnahagsveruleika og kirkjan sem stofnun réð ekki yfir neinum jarðeignum enda stofnunargerð hennar allt önnur en nú á dögum.

Sé litið svo á að staðalmynd Viðars Hreinssonar miðist við tímamann um 1570 en um það leyti fæddist Jón lærði má aftur á móti spyrja hverjir þeir embættismenn hafi verið sem hann álitur kirkjuna hafa átt samleið með. Mergurinn málsins er að hér var tæpast komin á embættisstjórn né embættismannastétt á siðaskiptatímanum heldur var lénskerfi miðaldanna enn við lýði. Lénsmenn þáðu af konungi völd yfir tilteknum svæðum að léni gegn því að rækja ákveðin hlutverk – skattheimtu, valdstjórn, löggæslu og landvarnir – og greiða honum gjald af léninu. Þeir komust almennt til valda vegna þess að þeir voru af aðalsætt eða höfðu forframast innan hersins og gegndi því máli um æðstu trúnaðarmenn konungs hér á 16. öld. Nefndust þeir gjarna hirðstjórar en einnig höfuðsmenn eða fógetar sem voru þó oftar staðgenglar höfuðsmannsins. Sýslumenn og klausturhaldarar sem falið var að reka hin fornu klaustur eftir siðaskipti voru líka lénsmenn. Sama máli gegndi um biskupana að því leyti sem stólsforráðin áhrærir og alla presta sem sátu brauð eða *beneficium*. Embættismenn gegna oftast þrengri og sérhæfðari hlutverkum en að ofan getur, hafa takmarkaðra umboð, hljóta fyrir laun eða aðra viðlíka umbun og komast í embætti í krafti menntunar sinnar. Á siðaskiptatímanum hafa vart aðrir embættismenn í nútímamerkingu verið til staðar í landinu en embættismenn kirkjunnar og er þar átt við presta og biskupa í hinu andlega hlutverki þeirra en ekki hinu veraldlega, þ. e. staðarforráðunum, en í því tilliti voru þeir lénsmenn. Bæði ummælin í staðalmyndinni um að kirkjan hafi verið ofurseld ríkisvaldinu sem og að konungur hafi haft hér á að skipa embættismönnum gera því ráð fyrir að þróun miðstýrðs konungsvalds hafi verið lengra komin þegar á

16. öld og veldi konungs verið orðið hér meira en raun ber vitni.⁵¹ Eins og síðar verður komið að höfðu konungsmenn, þar á meðal höfuðsmaður, þó sannarlega afskipti af siðaskiptum hér á landi.

Er þá komið að menningarlegri hliðum á staðalmynd Viðars Hreins-sonar. Gætir þar tveggja vídda, hugarfarssögulegrar og hugmyndasögu-legrar. Sú fyrrnefnda lýtur að trúarhugmyndum alþýðu en Viðar segir smælingjarna hafa átt til að spyrja um nærveru og miskunn Guðs í því samhæfða kerfi kirkju og ríkisvalds sem hann álítur að hafi komist á við siðaskipti.⁵² Vel getur verið að slíkar spurningar efasemda og gagnrýni hafi vaknað. Þótt einstaklingar á borð við Jón lærða kunni að hafa hugsað á þessum brautum verður samt ekki alhæft út frá því.⁵³ Hugsanlega er þetta líka fullnúttímaleg vangavelta miðað við aðstæður hér á 16. öld þegar einstaklingsvitund og gagnrýnin hugsun voru tæpast eins almenn fyrirbæri og nú er raun á. Umfram allt vantar samt rannsóknir og hugsanlega heimildir sem sýna fram á að slíkar vangaveltur hafi raunverulega verið til staðar meðal alþýðu manna. Þó er hér vissulega um áhugavert atriði að ræða sem huga þarf að í rannsóknum framtíðarinnar.

Hugmyndasöguviddin kemur aftur á móti fram í ummælum Viðars um tengsl siðaskipta, húmanisma og fornmenntastefnu. Lítur hann svo á að með siðaskiptum hafi lærdómsöldin gengið í garð og má líklega líta á það sem viðtekið viðhorf í bókmenntasögu a.m.k. síðan Sigurður Nordal birti ritgerð sína um samhengið í íslenskum bókmenntum.⁵⁴ Slíka tímabila-skiptingu má vissulega miða við fleiri en eitt atriði. Þung rök eru þó fyrir að með embættistíð Guðbrands Þorlákssonar Hólabiskups (1571–1627) brjótist fyrir alvöru út metnaður kirkjunnar manna til að uppfærða landslýðinn.⁵⁵ Þetta bar einmitt a.m.k. að hluta til upp á það tímabil sem hér er

⁵¹ Sjá Robert von Friedeburg, „Church and state in lutheran lands, 1550–1675“, *Lutheran ecclesiastic culture, 1550–1675, Brill's Companions to the christian tradition: A series of handbooks and reference works on the intellectual and religious life of Europe, 500–1700 II*, Leiden/Boston: Brill, 2008, bls. 361–410.

⁵² Viðar Hreinnsson, *Jón lærði og náttúrur náttúrunnar*, bls. 22.

⁵³ Sama rit, bls. 648–649.

⁵⁴ Sama rit, bls. 23. Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar – Bókmenntir 1550–1750“, *Íslensk bókmenntasaga II*, ritstj. Vésteinn Ólason, Reykjavík: Mál og menning, 1993, bls. 379–521. Sigurður Nordal sem á upptökin að nafngiftinni miðaði þó við tímabilið 1630–1750. Sigurður Nordal, „Samhengið í íslenskum bókmentum“, *Íslensk lestrarbók 1400–1900*, Sigurður Nordal setti saman, Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1931, bls. ix–xxxii, hér bls. xxxiii.

⁵⁵ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Íslensk hjóðmenning V*, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1988, bls. 75–339, hér bls. 291–292.

kallað siðaskiptaáratugirnir. Loks viku Viðar í lok staðalmyndar sinnar að því að með siðaskiptunum hafi andlegt vald harðnað og þrengt hafi verið að trúarlífinu. Það er ljóst að á umbrotatímum þegar hugmyndafræðileg straumhvörf í líkingu við siðbótina ganga yfir gætir aukinnar viðleitni til að uppfærða „lýðinn“, móta og staðla hugmyndir fólks og innræta almenningi þannig nýja heimssýn og lífstúlkun. Við kristnitöku höfðu ekki viðlíka úrræði verið til staðar og raun var á við siðaskipti þegar trúfræðsla almennings og menntun presta var komin í fast horf og prentæknin auk þess komin til sögunnar sem opnaði fjölmiðlun braut. Á miðöldum höfðu stefnur og straumar líklega komið og farið á hljóðlátan hátt og að mestu látið alþýðu manna ósnortna. Á umbrotatímum siðaskiptanna gegndi öðru máli. Þá reið á að ryðja hugmyndafræðilegum nýjungum braut og koma á nýjum siðum. Þetta er einmitt inntak siðbreytingarinnar en hún fólst í að þjóðin varð smám saman lúthersk í hugsunum, orði og æði og það var einmitt ekki síst bókaútgáfa og fræðsla á grundvelli hennar sem nýttist í því efni. Þrátt fyrir allt var þó um hægfara langtímaferli að ræða. Ummæli um hert andlegt vald og aðþrengt trúarlíf eiga enda betur við tímabil lútherska rétttrúnaðarins sem spannaði lungann úr 17. öldinni og raunar langt fram á 18. öld hér á landi en siðaskiptaáratugina sjálfa.

Staðalmynd Viðars Hreinssonar er allrar athygli verð. Hún setur siðbótina og hinar beinu afleiðingar hennar, siðaskiptin og siðbreytinguna, í breitt efnahagslegt og félagsögulegt samhengi auk hins hugarfarslega og hugmyndasögulega og undirstrikar því að þróunin flæddi yfir mörg svið sem nú væru greind niður í trúarlegan, kirkjulegan, félagslegan og pólitískan geira þótt slík sundurgreining hafi verið framandi á 16. öld er heimsmyndin var heildstæðari en nú er og hvíldi enn á trúarlegum grunni. Ekkert svið þjóðlífsins var því undan skilið er siðaskiptin gengu yfir. Viðar virðist því sammála greinarhöfundu um að siðaskiptin hafi verið seigfljóttandi á breiddina.

Viðar Hreinsson virðist hins vegar ganga út frá hraðri þróun bæði á sviði kirkjunnar og ríkisvaldsins á siðaskiptaáratugunum. Hann gengur því út frá byltingar-viðhorfinu sem verið hefur áberandi í síðari tíma rannsókn-um eins og glögg kemur fram í bókartitlum Vilborgar Auðar Ísleifsdóttur (sjá frammar).⁵⁶ Hann sýnist einnig ganga út frá að þróun miðstýrðs kon-

⁵⁶ Orðabókarmerking íslenska orðsins bylting er „kollvörpun“ eða „gagnger umbreyting“ t.d. á þjóðfélagsgerð eða stjórnarháttum. Almenn er gert ráð fyrir að bylting feli í sér snögg og róttæk umskipti sem oftast en ekki feli í sér valdbeitingu ef ekki ofbeldi. Bent skal á að hér gætti a.m.k. tímabundins ofbeldis á siðaskiptatímanum

ungsvalds hér úti á jaðri danska ríkisins hafi þegar á siðaskiptaáratugunum náð mun lengra og vald konungs yfir kirkjunni og þar með andlegu lífi þjóðarinnar orðið mun víðtækara en líklegt er. Í hans huga voru siðaskiptin því skyndileg en ekki seigfljótandi á lengdina. Áhorfsmál er hvort hann byggir í þessu efni ekki full mikið á túlkun 20. aldar þess efnis að siðaskiptin hafi fyrst og fremst verið pólitísku eðlis en sniðgangi það viðhorf sem m.a. Vilborg Auður Ísleifsdóttir kynnti til leiks um síðustu aldamót en hún gekk út frá að siðbót og siðaskipti annars vegar og þróun miðstýrðs ríkisvalds hins vegar hafi verið samtímaleg en aðskilin fyrirbæri. Þennan pól hefur höfundur þessarar greinar einmitt tekið í hæðina.

Seigfljótandi á lengdina

Margar skýringar eru á því að siðaskiptin hafi verið seigfljótandi á lengdina, það er gengið yfir á nokkrum áratugum fremur en árum, eins og hér er haldið fram. Að tveimur hefur þegar verið vikið. Er þar átt við fjarlægð landsins frá þyngdarpunkti danska konungsveldisins og hina beinu afleiðingu þess, þ. e. að hér var enn ekki komið á miðstýrt einvaldsríki með öflugu stjórnkerfi og embættismannastétt sem gat látið verulega til sín taka með markvissum stjórnvaldsaðgerðum. Vald konungs kom einkum fram á fyrstu árum siðaskiptaáratuganna er hingað voru sendir herflokkar 1541 og 1551 sem knúðu fram lögfestingu lútherskrar kirkjuskipanar í hvoru biskupsdæminu fyrir sig. Nærvera konungsmanna þess á milli og lengi eftir það var á hinn bóginn alls ekki nægileg til að halda hér uppi lögum og reglu, friði og einingu hvað þá að knýja siðaskiptin áfram á þeim hraða sem t.d. er gert ráð fyrir í staðalmyndinni sem kynnt var hér frammar. Líta má svo á að ákveðin straumhvörf verði hér á landi 1683 er síðasti höfuðsmaðurinn féll frá og amtsskipanin komst á hérlendis en hún hafði verið tekin upp í Danmörku þegar með tilkomu einveldisins 1661.⁵⁷ Í því sambandi skal ítrekað að höfuðsmenn sem áður voru helstu fulltrúar konungs hér voru fremur lénsmenn.

Þá skiptir máli að íslenska bændasamfélagið var fámennt og dreifbýlt kyrrstöðusamfélag. Þótt það hafi fráleitt verið stéttlaust eins og drepíð var

sem og tilrauna til að koma á hröðum umskiptum. Sjá Hjalti Hugason, „Siðbót og sálarangist“, bls. 53–85. Hér er samt litið svo á að byltingar-hugtakið eða -viðhorfið sé ekki til þess fallið að lýsa íslensku siðaskiptunum í heild.

⁵⁷ Einar Laxness, *Íslands saga* I, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1995, bls. 37–39. Helgi Þorláksson, „Undir einveldi“, *Saga Íslands* VII, ritstj. Sigurður Línadal, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2004, bls. 1–221, hér bls. 150–168.

á hér frammar skorti þó alveg þær „nýju“ stéttir sem fyrstar gengu siðbótinni á hönd erlendis og hrundu af stað hreyfingu í átt til siðaskipta. Er þar einkum átt við menntamenn sem þrengdu að aðlinum og drógu úr áhrifum hans, háskólamenntaða guðfræðinga og lögfræðinga sem þjónuðu kirkjunni og ríkinu og unnu að siðaskiptum og þróun miðstýrðs einveldis á svipuðum tíma. Hér er einnig átt við millistéttir í þéttbýli, verslunar- og handverksmenn, sem ryðja þurftu sér til rúms á kostnað bænda. Þessar stéttir voru einnig opnar fyrir hugmyndum siðbótarmanna sem bárust frá háskólum og ruddu sér til rúms í vaxandi þéttbýli. Hér á landi gætti engrar félagslegrar spennu í líkingu við þá sem víða var að finna í evrópskum borgum en komu einnig í ljós til sveita t.d. í bændauppreisnum í Þýskalandi. Hér gætti vissulega nokkurrar spennu milli kirkjunnar og höfðingja í landinu. Líklegt er þó að þar hafi oft verið um að ræða árekstra þar sem hagsmunum veraldlegra höfðingja og kirkjulegra laust saman í samkeppni um jarðeignir og önnur efnahagstengd atriði þótt einnig væri tekist á um valdmörk kirkjulegra og veraldlegra valdahafa.⁵⁸

Eru þá ótaldar allar þær ástæður sem líta má á sem kirkjulegar og juku teygjuna í siðaskiptaþróuninni. Vissulega skortir mikið á þekkingu okkar á kirkjulegum aðstæðum hér á landi á síðmiðöldum. Trúar- og/eða guðfræðileg gagnrýni á kirkjuna virðist þó hafa verið hverfandi og líklega mun færri tilefni verið til slíks úti hér en víða erlendis. Aflátssala var t.a.m. ekki rekin hér neitt í líkingu við það sem Lúther reis upp gegn í heimahögum sínum í öndverði siðbótinni.⁵⁹ Kirkjulegar aðstæður hér virðast því hafa verið öllu friðsamlegri en víða erlendis t.a.m. í stærstu borgum Danaveldis.⁶⁰ Innlendar, kirkjulegar aðstæður kölluðu því ekki fram siðbótarhreyfingu frekar en hinar félagslegu.

Þrátt fyrir það sem hér hefur verið sagt má ekki draga þá ályktun að landið hafi verið einangrað á siðaskiptatímanum og að hingað hafi ekki borist áhrif frá siðbótinni. Héðan sóttu ávallt einhverjir utan til náms og dvöldu þá lengur eða skemur m.a. við þýska háskóla.⁶¹ Þar á meðal má nefna Jón Einarsson (um 1494–1539) í Odda sem hugsanlega varð fyrst-

⁵⁸ Þessa spennu má m.a. sjá í Leiðarhólmsskrá. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 108–113.

⁵⁹ Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*, Kristni á Íslandi II, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 136–139.

⁶⁰ Martin Schwarz Lausten, *Danmarks kirkehistorie*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1983, bls. 117–123.

⁶¹ Jónas Gíslason, *Utanfarir Íslendinga til háskólanáms fyrir 1700*. Fylgirit Árbókar Háskóla Íslands 1981, Reykjavík: Háskóli Íslands, 1983.

ur til að boða siðbótarguðfræði hér eða um 1530 og þá með brodd gegn dýrlingadýrkun. Skömmu áður hafði hann dvalið við nám á Englandi og í Þýskalandi.⁶² Þá var 16. öld hluti af þýsku öldinni svokölluðu en þá voru umsvif Þjóðverja hér á landi mikil. Líklegt er t.a.m. að fyrsta lútherska guðsþjónustan hér hafi verið flutt í kapellu þýskra kaupmanna í Hafnarfirði. Það hefur þó tæpast haft mikil áhrif á landsmenn. Þá mynduðust ýmis fjölskyldutengsl sem opnuðu fyrir djúptæk erlend áhrif á einstaka menn, þar á meðal siðbótaráhrif. Það voru einmitt einstaklingar í slíkum tengslum sem mynduðu hópinn eða „selluna“ sem hér á landi kom í stað víðtækrar siðbótarhreyfingar víðast erlendis. Hér eins og annars staðar hrintu menntamenn ekki síst í þjónustu kirkjunnar sem sé siðbót af stað. Þar er átt við þá Gissur Einarsson (1512–1548) fyrsta lútherska biskupinn er numið hafði í Þýskalandi; Odd Gottskálksson (d. 1556) nýjateamentisþýðanda og síðar lögmann sem alinn var upp í Noregi og hafði numið erlendis; bræðurnar Marteinn (1500–1576) síðar biskup og Pétur (1505–1580) Einarssyni sem um síðir gekk í þjónustu kirkjunnar en systir þeirra giftist til Englands og þar ólst Marteinn upp; Eggert Hannesson (1515/18–1583) síðar lögmann og hirðstjóra en hann ólst a.m.k. að hluta upp í Þýskalandi og Gísli Jónsson (1513–1587) síðar Skálholtsbiskup sem dvalið hafði erlendis og þá einkum í Þýskalandi.⁶³

Merking íslenska orðsins siðaskipti er vissulega fjölbætt. Líklega er upphafleg merking þess, þegar það er viðhaft um „reformationina“ hér, þó helgisiðaskipti, þ.e. róttæk breyting á helgisiðum kirkjunnar og þeim trúarháttum sem helst tengdust opinberu kirkjulífi.⁶⁴ Breytingar af þessu tagi eru eðli máls samkvæmt mjög undir prestum komnar. Af þeim sökum má líta svo á að prestastéttin sé eins konar gangráður í helgisiðaskiptum. Til að varpa ljósi á þetta má benda á að síðan um 1800 hafa tvær róttækar breytingar verið gerðar á helgisiðum lúthersku kirkjunnar hér á landi. Fyrri breytingin varð í kjölfar þess að *Evangelisk-kristileg messu-saungs og sálma-bók* (svokölluð aldamótabók eða „Leirgerður“) kom út 1801 en hin síðari 1981 er núgildandi *Handbók íslensku kirkjunnar* kom út. Í fyrri skiptið var

⁶² Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* III, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1950, bls. 92. Jónas Gíslason, „Um síra Jón Einarsson, prest í Odda,“ *Söguslóðir: Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni sjötugum 18. september 1979*, ritnefnd Bergsteinn Jónsson, Einar Laxness og Heimir Þorleifsson, Reykjavík: Sögufélag, 1979, bls. 281–295, hér 281, 287–292. Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 49–50. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 139.

⁶³ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 139–160.

⁶⁴ Hjalti Hugaon, „Heiti sem skapa rými“, bls. 202–203.

messuform kirkjunnar einfaldað mikið og þar með rofið samhengi í helgisíðum sem haldist hafði síðan á miðöldum þrátt fyrir breytingar einkum á kvöldmáltíðarhluta messunnar á siðaskiptatímanum. Með síðari breytingunni var horfið frá einfölduninni og ýmsir klassískir messuliðir teknir upp að nýju. Í bæði skiptin voru allar aðstæður til breytinga mun betri en gerðist á 16. öld. Þrátt fyrir það tóku báðar breytingarnar langan tíma og gengu tæpast að fullu yfir fyrr en með kynslóðaskiptum í prestastétt. Gera verður ráð fyrir að svipað „lögmal“ hafi gilt í þessu efni á 16. öld auk þess sem siðaskipti 16. aldar voru mun fjölþættari en helgisíðaskiptin um 1800 og svo 180 árum síðar. Því verður að gera ráð fyrir að helgisíðaskipti siðaskiptatímans hafi ekki gengið að fullu yfir fyrr en með kynslóðaskiptum meðal presta þótt til séu staðfest dæmi um rötgróna kaþólskra presta sem tóku þátt í breytingunum.⁶⁵

Hefðbundinn skilningur á viðbrögðum prestastéttarinnar við siðaskiptunum felst í að fjölmargir prestar hafi látið af embætti vegna andúðar á hinni nýju kirkjuskipan eða verið settir af vegna óhlýðni við hana. Þá hafi foreldrum verið óljúft að synir þeirra gengju í þjónustu kirkjunnar sökum óvissu um hlutverk, stöðu og hag presta í lútherskum sið. Afleiðing af þessu hefur þá verið mikil prestekla er tekið hefur langan tíma að ráða bót á enda felst hin klassíska sýn í að menntun og menningu presta hafi verið mjög ábótavant meðan á upplausninni stóð og prestar þjónað í skjóli leikmanna ekki ósvipað og gerðist með svokallaða prestlinga eða kirkjupresta í kjölfar kristnitöku.⁶⁶

Jón Egilsson (1548–1636?) sagnaritari Odds Einarssonar Skálholtsbiskups taldi enda að afleiðingar siðaskiptanna hafi verið það sem nú á dögum mætti kalla stofnunarlegt hrun, sem einkum hafi sagt til sín í prestastétt og í samskiptum presta og leikmanna. Lýsti hann því svo í *Biskupaannál* sínum sem litið er á sem helsta heimildarit um sögu landsins á 15. og 16. öld:⁶⁷

[...] og svo kom, að sumir prestarnir sögðu af sér embættið, og voru prestlausir eitt eður tvö, eður þrjú ár. Sumir leikmenn vildu ekki taka þjónustu af þeim, sem þá nýju siði hefði, og svo gekk þetta um

⁶⁵ Hjalte Hugason, „Frumkvöðull siðbótar á Norðurlandi? Um Sigurð Jónsson á Grenjaðarstað og afskipti hans af siðaskiptunum“, *Saga* LIII, 2/2015, bls. 42–71.

⁶⁶ Hjalte Hugason, „Siðbót og sálarangist“, bls. 70.

⁶⁷ Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar – Bókmenntir 1550–1750“, bls. 498.

hans daga [þ.e. Gissurar 1540–1548 – innsk. höfundar], og líka um daga herra Marteins, og fyrst framan af tíð herra Gísla, þar til þeir gömlu allir, prestar og leikmenn, féllu frá, en úngir komu upp aptur í þeirra stað; og um þennan allan áður greindan tíma varð mikil presta fæð, því enginn vildi vígjast, því þeir sem að áttu foreldrana (á) lífi bönnuðu þeim það, en þeir vígðust sem engan áttu að; varð þá einn prestur (að) hafa iij eður iiij kirkjur, og urðu að vígja hvern sem þeir náðu, þegar hann var með nokkru móti þar lærður til, að hann læsi; líka vel fengu þeir nefndarmennina,⁶⁸ og vígðu þá [...].⁶⁹

Höfundur þessarar ritgerðar hefur gert könnun á kynslóðaskiptum í prestastétt í kjölfar lögformlegra siðaskipta í hvoru biskupsdæmi um sig (í Skálholtsbiskupsdæmi miðað við 1541 en áratug síðar í Hólabiskupsdæmi) á grundvelli prentaðra gagna og þá einkum *Prestatals og prófasta*.⁷⁰

Í Skálholtsbiskupsdæmi voru tæplega 120 prestaköll með dómkirkju-prestsembættinu í Skálholti en án klausturstaðanna. Í Hólabiskupsdæmi voru aftur á móti rúm 60 prestaköll með Hólum og klausturstöðunum þremur. Á landinu öllu voru því um 180 prestaköll. Heimildir vantar um 31 prestaköll og tæp 20 virðast hafa verið ómönnuð um siðaskipti. Þess skal getið að fjöldi prestakalla segir að sönnu ekkert um heildarfjölda presta í landinu þar sem í máldögum og annars staðar gat verið kveðið á um að fleiri en einn prestur þjónaði sömu kirkju. Talið hefur verið að seint á 15. öld hafi fjöldi sóknarpresta á landinu öllu verið 400–450. Loftur Guttormsson taldi hins vegar að um siðaskipti hafi enn ekki verið búið að vinna upp prestafæð sem fylgdi í kjölfar plágunnar síðari sem gekk

⁶⁸ Nefndarmenn voru þeir sem tilnefndir voru til alþingisreiðar og úr hópi þeirra voru lögréttumenn valdir til að taka þátt í dómum og löggjafarstarfi. Einar Laxness, *Íslands saga* II, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1995, bls. 144. *Jónsbók: Lögþing Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578*, Már Jónsson tók saman, Sýnisbók íslenskrar alþýðumeningar 8, ritstj. Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon, Reykjavík: Háskóla-útgáfan, 2004, bls. 81–83.

⁶⁹ Jón Egilsson, „Biskupa-annálar Jóns Egilssonar, með formála, athugasgreinum og fylgiskjölum eftir Jón Sigurðsson“, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju* I, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, bls 15–136, hér bls. 85. Jón Halldórsson, *Biskupasögur Jóns prófests Haldórssonar í Hítardal með viðbæti* I, Reykjavík: Sögufélag, 1903–1910, bls. 105.

⁷⁰ Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta á Íslandi*, 2. útg. með viðaukum og breytingum eftir dr. Hannes Þorsteinsson, Björn Magnússon sá um útgáfuna og jók við, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1950. Elvar Ingimundarson stud. theol. sá um efnistöku.

yfir 1494–1495. Þá fækkaði fólki e.t.v. um 30–50% í þeim héruðum sem hún herjaði á.⁷¹ Ómögulegt er því að segja til um heildarfjölda presta um siðaskipti.

Í Skálholtsbiskupsdæmi eru til upplýsingar um 99 sóknarpresta sem vígðir voru í kaþólskum sið og héldu áfram eftir 1541. Ekki verður ráðið af heimildum hvenær fimm þeirra létu af embætti. Tólf prestar virðast hafa horfið úr embætti á árunum 1541–1545 og er líklegt að siðaskiptin hafi haft þar sín áhrif. Svo var þó ekki í öllum tilvikum. Meðal þessara presta var t.d. Jón Einarsson í Odda sem getið er hér frammar. Inni í þessari tölu er líka Jörundur Steinmóðsson sem talinn var „nokkuð blandinn“ og missti líklega embætti.⁷² Ef horft er til vígsluárs þessara presta, þegar það er á annað borð þekkt, má ætla að flestir þeirra hafi verið fæddir fyrir og um 1500 og því hafi verið um eðlileg embættislok að ræða, ellihrumleika eða dauða. Þá gætu 16 prestar hafa látið af prestsþjónustu á síðari hluta 5. áratugar 16. aldar. Af þeim voru líklega fjórir giftir. Hafi þeir stigið það táknræna skref í átt til lútherskunnar er ólíklegt að siðaskiptin hafi valdið nokkru um embættislok þeirra. Ekki hafa því siðaskiptin ráðið úrslitum um embættislok allra þessara 28 presta. Eftir 1550 er líklegt að dregið hafi úr áhrifum siðaskiptanna í þessu efni. Ekki er mögulegt að segja ákveðið til um hvenær þeir 70 „kaþólsku“ prestar sem eftir voru létu af embætti þar sem oft verður aðeins sagt að þeir hafi verið horfnir af vettvangi fyrir eða eftir ákveðið ár. Þó virðast í það minnsta 15 prestar vígðir fyrir siðaskipti hafa verið í embætti 1590 og allt að þrír þjónað fram undir 1600.

Í Hólabiskupsdæmi eru upplýsingar fyrir hendi um 41 prest vígðan í kaþólskum sið sem hélt áfram eftir 1551. Af gögnum verður ekki ráðið hvenær 6 prestanna létu af embætti. Af þeim 35 prestum sem heimildir eru til um létu 5–6 af embætti á árunum 1551 til 1555 meðan líklegast er að siðaskipti hafi haft áhrif í þessu efni. Auk þess hætti einn á síðari hluta 6. áratugarins. Eftir það er ekki líklegt að siðaskiptin hafi ráðið úrslitum. Einn þessara presta, Jón Sigurðsson að Undirfelli vígðist um 1540 og virðist því líklegt að siðaskiptin hafi skipt sköpum um embættislok hans.⁷³ Þrír vígðust aftur á móti um 1520. Sé gert ráð fyrir að farið hafi verið eftir hefðbundnum vígsluáldri sem var 25 ár hafa þessir menn verið komnir

⁷¹ Einar Laxness, *Íslandssaga* II, bls. 182. Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 85, 86.

⁷² Jörundur var e.t.v. sviptur embætti þegar skömmu fyrir siðaskipti. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 349.

⁷³ Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 227.

yfir fimmtugt og verið búnir að þjóna í um 30 ár. Aldur, heilsufar og dauði kunna því að hafa ráðið úrslitum um embættislokin. Af þeim fimm til sjö prestum sem vitað er að létu af embætti í kjölfar siðaskipta voru allt að fjórir hugsanlega giftir og því ólíklegt að siðaskiptin hafi valdið nokkru um embættislok þeirra. Rúmlega 10 prestar vígðir á kaþólskum tíma gætu enn hafa þjónað um 1590 og þar af hugsanlega þrír fram undir 1600.

Í Skálholtsbiskupsdæmi virðist því í hæsta lagi fjórðungur þeirra presta sem getið er í *Prestatalinu* hafa lagt niður störf vegna siðaskiptanna en um fimmtungur í Hólabiskupsdæmi. Vissulega hefur heldur betur munað um þetta hafi nýliðun verði treg. Líklegt er þó að hlutfallið hafi verið þó nokkuð lægra og er athyglisvert hve lengi prestar upp aldir, menntaðir og vígðir í kaþólskum sið héldu áfram þjónustu eftir siðaskipti. Gott dæmi um prest vígðan á kaþólskum tíma er Sigurður Jónsson (d. 1595) Arasonar biskups sem þjónaði á Grenjaðarstað. Hann var einn af lykilmönnum biskupsdæmisins bæði í tíð föður síns og eftir siðaskipti. Mögulegt er að tímasetja hvenær hann breytti helgisíðum í prestakalli sínu en það var á páskum 1554 og birti hann sérstaka yfirlýsingu um þá ráðabreytni. Höfundur þessarar greinar hefur fært rök að því að Sigurður hafi gert það vegna þess hve fljótur hann var til í þessu efni.⁷⁴ Ekki er víst að allir prestarnir sem héldu áfram þjónustu hafi verið svo samvinnufúsir við hinn nýja sið enda átti hann sérstakra hagsmuna að gæta bæði vegna ættar sinnar sem gat gert hann tortryggilegan og þeirra góðu embætta sem hann gegndi sem og þess léns sem hann naut og hefur verið akkur í að halda.

Að svo miklu leyti sem mögulegt er að álykta eitthvað af þeim upplýsingum sem hér hafa verið kynntar er líklegt að umtalsverður fjöldi presta úr kaþólskum sið hafi haldið áfram þjónustu allt það tímabil sem hér er kallað siðaskiptaáratugirnir og hafi þeir margir þvælst fyrir helgisíðaskiptum í sóknum sínum og þar með aukið teygjuna í siðaskiptaþróuninni.

Seigfljótandi á breiddina

Áhrifa siðbótarinnar gætti á fjölmörgum sviðum samfélags og menningar sem sum hver eru nú talin veraldleg þótt svo væri ekki endilega á 16. öld. Upptökin sjálf áttu samt rætur að rekja til mjög trúar- og einkalegs sviðs. Þar er átt við andleg átök Lúthers sjálfs er hann skoðaði aðstæður í kirkjunni um sína daga, ekki síst aflátssöluna, í ljósi rannsókna sinna á

⁷⁴ Hjalti Hugason, „Frumkvöðull siðbótar?“, bls. 62–68.

Nýja testamentinu, einkum Rómverjabréfinu.⁷⁵ Á undra skömmum tíma tók sálarstríð einstaklingsins Lúthers aftur á móti að hafa áhrif á pólitík í heimlandi hans, kjörfurstadæminu Saxlandi, á vettvangi þýska keisaradæmisins í heild og innan tíðar víðar í Evrópu m.a. hér á landi. Af þessu má sjá hve teygjanleg og seigfljótandi siðbót og siðaskiptin voru á breiddina.

Á 20. öld var algengt að líta svo á að siðaskiptin hafi einkum orðið af pólitískum og efnahagslegum ástæðum sökum þess að hið miðstýrða ríkisvald hafi keppt að auknum völdum yfir þegnum og kostað kapps um að auka tekjur sínar á kostnað aðals og kirkju. Þetta viðhorf varð sérstaklega ríkjandi hér á landi og líklega af tveimur ástæðum. Önnur er sú að þessi pólitíska hlið siðaskiptanna blasir svo augljóslega við hér vegna þess að þau urðu nær alfarið af utanaðkomandi ástæðum. Siðaskipti höfðu þegar gengið yfir í norðanverðri álfunni þar á meðal í öðrum löndum Danakonungs. Af þeim sökum voru engar líkur á að hér viðhéldist kaþólsk kristni til langframa aðgreind frá kirkjunni sunnar í álfunni. Þá er ljóst að konungur hefði ekki sætt sig við að hjálendan Ísland greindi sig frá öðrum hlutum ríkisins hvað trúartúlkun áhrærði. Hér voru siðaskipti því óumflýjanleg þótt engin siðbótarhreyfing væri til staðar í landinu og þrátt fyrir að landsmenn myndu líklega ekki sárt til þess að siðbótar væri þörf. Hin ástæðan fyrir hinu pólitíska og efnahagslega viðhorfi í íslenskum siðaskiptarannsóknum felst í að framan af 20. öld þjónaði sagnfræðin öðru fremur sem vopn í sjálfstæðisbaráttunni gegn því konungsveldi sem var einmitt að hefjast til vegs á siðaskiptatímanum. Í þessari grein er litið svo á að fyrrgreint viðhorf hafi verið um of mótað af þjóðernis-rómantískum sjónarmiðum auk þess sem það féll vel að raunhyggjulegri söguskoðun og heimsmynd 20. aldarinnar og þeim pólitísku og efnahagslegu sjónarmiðum sem henni voru samfara.

Fyrrgreint viðhorf leiddi til einföldunar á siðaskiptaþróuninni og ýtti undir að hún var talin hafa verið hraðfara og byltingarkennd en ekki seigfljótandi líkt og hér er gert. Höfundur þessarar greinar lítur svo á að samband siðbótar og siðaskipta kunni enda að hafa verið annað en að framan getur og að trúarlegir, kirkjulegir, menningarlegir og aðrir „mjúkir“ eða hugrænir þættir hafi vegið allt eins þungt og pólitískir og efnahagslegir við siðaskiptin í Danaveldi í heild og ekki síst hér á landi. Hér eins og svo oft ræður viðhorf sem sé mestu um hvort er talið hafa komið á undan

⁷⁵ Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lútber*, bls. 63. Carl Axel Aurelius og Steffen Kjeldgaard-Pedersen, *Nåd och frid i Kristud!*, bls. 34, 41.

hagrænir eða huglægir þættir þróunarinnar. Í þröngri íslenskri söguritun sem fyrst og fremst fékkst við innlendar aðstæður og var stunduð til að efla samstöðu, sjálfsmynd og sjálfstæði þjóðarinnar er eðlilegt að mönnum hafi verið starsýnt á efnahagslegar og pólitískar hliðar siðaskiptanna en hafi sést yfir hinar hugrænu. Málin horfa öðruvísi við sé horft til aðstæðna erlendis, þ.e. í Þýskalandi og ekki síður á kjarnasvæði Danaveldis. Þar fléttuðust siðbót og siðaskipti ekki endilega saman vegna þeirra hagsmuna sem veraldlegir valdhafar, þýskir landsfurstar og borgarstjórnir og síðar Danakonungur, sáu í að taka málefni siðbótarinnar upp á sína arma. Trúarsannfæring ráðamanna og skilningur þeirra á hlutverki sínu á því sviði sem nú er talið trúarlegt getur þvert á móti í mörgum tilvikum hafa ráðið úrslitum.

Þegar um samspil hinna hagrænu og huglægu þátta er að ræða er það viðhorf sem Vilborg Auður Ísleifsdóttir reifaði í riti sínu frá 1997/2013 mikils um vert. Þar mælir hún eins og fram er komið fyrir að greint sé milli siðbótarinnar og hinna beinu afleiðinga hennar og og þróunar einvaldsríkisins sem tveggja aðskilinna en samtímalegra fyrirbæra. Þetta kemur enda glögg í ljós þegar athuguð er sú þróun sem varð á tengslum ríkis og kirkju á 16. öld. Með samningum við páfa (lat. *concordat*) höfðu konungar Spánar og Frakklands tryggt sér viðtæk yfirráð yfir kirkjunum í ríkjum sínum þegar á 15. öld. Með samningi 1516 var veitingavald Frakkakonungs yfir kirkjulegum embættum m.a. fest í sessi og ýmis ákvæði eldri samninga endurskoðuð. Þar í landi varð því raunar til kaþólsk ríkiskirkja áður en lúthersk kirkja kom fram. Svipuðu máli gildi um Spán. Í þessum kirkjum myndaðist því ekkert valdatóm á 16. öld og konungsvaldið hafði tryggt sér þau völd yfir kirkjunni sem Danakonungur og aðrir furstar í lútherska heiminum hlutu töluvert síðar.⁷⁶ Þetta flækir myndina af samspili siðaskiptanna og þróunar einvaldsríkisins.

Samsláttur trúar og pólitíkur í Þýskalandi á siðaskiptatímanum varð þó ekki fyrst og fremst vegna ásælni veraldlegra valdsmanna heldur allt eins að frumkvæði kirkjunnar manna. Það kemur t.a.m. glögg fram í einu þekktasta siðbótarriti Lúthers *An den christlichen Adel deutscher Nation* sem fyrst kom út 1520 en almennt er litið á það ár sem hið eiginlega siðbótarár. Um þetta leyti var Lúther greinilega orðinn úrkula vonar um að kirkjuleg yfirvöld yrðu við ákalli hans og bættu úr þeim brestum sem hann hafði

⁷⁶ Per Ingesman, „Middelalderen“, *Kirkens historie* I, Kaupmannahöfn: Hans Reitzels forlag, 2012, bls. 309–779, hér bls. 681–684.

m.a. bent á í greinum sínum gegn aflátinu en í ritinu lýsti hann aflátssölunni sem valda- og arðráni páfa á þýsku þjóðinni sem kirkjuleg yfirvöld hefðu látið undir höfuð leggjast að bregðast við.⁷⁷ Því kallaði hann hina veraldlegu valdsstétt til verndar þjóðinni og kirkjunni.⁷⁸ Hann ætlaðist til að veraldlega valdið gripi inn í kirkjumálin í því tómarúmi sem myndaðist þegar kirkjuyfirvöld í Þýskalandi og Róm brugðust skyldum sínum og siðbótarhreyfingin í Þýskalandi klofnað frá alþjóðakirkjunni og var þar með án myndugrar forystu þegar hreinu guðfræðilegu sviði sleppti. Þessa væntingu sína til yfirvaldanna byggði hann á að valdamennirnir væru skírðir til kristinnar trúar og væru vegna valdastöðu sinnar í samfélaginu í betri aðstöðu en aðrir til að koma á umbótum þegar kirkjuvaldið hafði brugðist. Um þetta sagði hann m.a.:

En þar sem hin veraldlega valdstétt er skírð á sama hátt og við og hefur sömu trú og sama fagnaðarerindi, verðum við að leyfa þeim að vera prestar og biskupar og líta á embætti þeirra sem slíkt; þ.e. að það tilheyri og sé gagnlegt kristnum söfnuði.⁷⁹

Hér ákallaði Lúther aðalinn og aðra valdsherra, konunga og keisara, um að koma kirkjunni til hjálpar sem skírðir, trúaðir, kristnir einstaklingar sem stöðu sinnar vegna hefðu einstæða möguleika til að standa vörð um fagnaðarerindið. Það gefur svo augaleið að þessi áskorun hafði pólitísk áhrif og opnaði sóknarfæri fyrir nýtt, miðstýrt ríkisvald inn á hið kirkjulega svið.

Ekki ber að líta á þessi hvatningarorð Lúthers sem guðfræðilega kenningu hans um tengsl ríkis og kirkju sem mögulegt sé að byggja á nú á dögum. Hann er þekktari fyrir að hafa greint skýrt á milli andlegs og veraldlegs valds og hlutverka hvors um sig.⁸⁰ Þvert á móti ber að skoða ákall

⁷⁷ Marteinn Lúther, *Til hins kristna aðals þýskrar þjóðar: Um siðbót þeirrar kristilegu stéttar árið 1520*, ísl. þýð. og inng. eftir Vilborgu Auði Ísleifsdóttur, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2012, bls. 75–83, 89–93, 94, 99, 100–102, 104–106, 170–171.

⁷⁸ Sama rit, bls. 45, 64–66, 93–94, 95, 96, 98, 100, 134–135, 154–155–185.

⁷⁹ Sama rit, bls. 53. Þessi yfirlýsing helst í hendur við áherslu Lúthers á hinn almenna prestdóm, höfnun hans á þeim mun sem gerður var á vígðum og óvígðum um hans daga og áherslu á að hinni andlegu stétt beri aðeins að fara með sjálfstætt vald á andlegu sviði er næði til bænar, boðunar, sálgæslu og þjónustu að sakramentunum. Sjá sama rit, bls. 63, 107, 109.

⁸⁰ Hér er vísað til svokallaðrar tveggja ríkja kenningar sem leidd hefur verið út af ritum Lúthers. Samkvæmt henni er greint á milli hins veraldlega „ríkis“ og hins andlega sem bæði þiggja vald sitt frá Guði og miðar kenningin að því að skýra hlutverk hvors um sig, stuðla að réttri samvinnu þeirra og fyrirbyggja samkeppni

hans sem viðbrögð við upp komnu neyðarástandi sem skapast hafði þegar valdatómarúm myndaðist í kirkjunni og hún var fyrirsjáanlega að klofna í kjölfar aðgerða hans á árunum 1517–1520. Afleiðingar þess ástands urðu þó langvarandi og eimir eftir af þeim hér á landi, í Danmörku og víðar þar sem lúthersk siðaskipti urðu.

Pungvæg rök eru fyrir því að Kristján III Danakonungur hafi einmitt litið svo á að hann væri að bregðast við ákalli siðbótarfrömuðarins er hann beitti sér fyrir siðaskiptum fyrst í hertogadæmi sínu, síðar í Danmörku sjálfri og loks hér norður á útjaðri ríkisins.⁸¹ Þá hefur höfundur þessarar greinar einnig fært rök að því að sá lénsmaður konungs sem hvað mest beitti sér fyrir uppbyggingu lúthersks kristnihalds í landinu í kjölfar siðaskipta hafi líka skilið þetta hlutverk sitt trúarlegum skilningi. Er hér átt við Pál Stígsson höfuðsmann sem var æðsti trúnaðarmaður konungs á landinu á árunum 1560–1566. Hann leit greinilega svo á að hann bakaði sér reiði Guðs ef hann léti hjá líða að veita hinni nýju trúartúlkun og kirkjuskípan liðsinni.⁸²

Jafnvel hér úti á Íslandi, þar sem siðaskiptin hafa eins veraldlegt, pólitískt og efnahagslegt yfirbragð og raun ber vitni virðist þannig blasa við að siðaskiptaþróunin fólst í seigfljótandi ferli sem bæði teygðist yfir veraldlegt og trúarlegt svið að nútíma skilningi. Slíkur aðskilnaður kann á hinn bóginn að hafa verið framandi fyrir Kristjáni III, Páli höfuðsmanni og öðrum 16. aldar mönnum. Hér er svo við þann vanda að glíma að slá föstu hvor kom á undan og var þungvægari, hin pólitíska/efnahagslega hlið eða hin trúarlega/kirkjulega? Þar kann að vera um „álitamál“ að ræða sem í eðli sínu sé sambærilegt spurningunni um eggid og hænuna. Svarið við spurningunni um hver drifkraftur siðaskiptanna hafi verið hér á landi og annars staðar og

þeirra á milli. Konungar og aðrir valdstjórnarmenn fóru með hið veraldlega vald eða „ríki“ og höfðu það hlutverk að verja líf og velferð fólks. Klerkar fóru með hið andlega „ríki“ og höfðu það hlutverk að ábyrgjast hina andlegu velferð. Hvorki mátti rugla „ríkjunum“ saman né tengja um of. Carl Henrik Martling, *Svenskt kyrkoxikon: En kortfattad teologisk uppslagsbok*, Skellefteå: Artos, 2005, bls. 276.

⁸¹ Martin Schwarz Lausten, *Christian den 3. og kirken 1537–1559*, Studier i den danske reformationskirke 1, Kaupmannahöfn: Akademisk forlag, 1987, bls. 9–12, 31–33. Martin Schwarz Lausten, *Kirkens historie i Danmark: Pavekirke, kongekirke, folkekirke*, 2. útg., Árósum: Landsforeningen af menighedsrådsmedlemmer, 2008, bls. 32–33. Hjalti Hugason, „Hvenær urðum við lúthersk?“, bls. 80–81.

⁸² Hjalti Hugason, „Skyldur lúthersks yfirvalds. Páll Stígsson og siðbótin á Íslandi“, *Ábrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 19–41.

hvort hann var pólitískur eða trúarlegur ræðst svo þegar upp er staðið fyrst og fremst af því viðhorfi sem gengið er út frá hverju sinni og hvort það er sótt til pólitískrar sögu eða hugmyndasögu og skyldra greina í aðra hvora ættina.

Lokaorð

Í þessari grein hefur verið bent á að við rannsóknir á jafn fjölbættu fyrirbæri og siðbótinni og nánustu afleiðingum hennar á pólitísku og menningarlegu sviði – siðaskiptum og siðbreytingu – sé nauðsynlegt að ganga út frá fyrirfram gefnum viðhorfum. Þau auðvelda að túlka og skýra flóknar atburðarásir. En um leið einfalda þau myndina mikið og hafa að öðru leyti margvísleg áhrif á niðurstöður rannsókna. Þá var bent á hve þýðingarmiklu hlutverki staðalmyndir gegna við að miðla viðteknum rannsóknarsjónarmiðum til almennings og móta þannig sýn hans á hin ýmsu fyrirbæri – í þessu sambandi siðbót og siðaskipti. Staðalmyndirnar mótast af ríkjandi rannsóknarviðhorfum og staðla um leið hugmyndir almennings um það sem fengist er við hverju sinni. Hér var ein slík staðalmynd af siðaskiptunum á Íslandi burðarþolsmæld.

Hér hefur verið bent á að lengst af á 20. öld hafi verið gengið út frá efnahags- og stjórn málasögulegum viðhorfum í siðaskiptarannsóknum og þá gjarna verið litið svo á að siðaskiptin hafi einkum orðið af pólitískum ástæðum og þá ekki síst til að valdhafar næðu efnahagslegum markmiðum einkum með því að leggja undir sig eignir kirkjunnar og brjóta að öðru leyti niður valdakerfi hennar. Bent var á að viðhorf af þessu tagi er skiljanlegt meðan atburðirnir voru skoðaðir í þröngu íslensku samhengi og tilgangur söguritunarinnar var ekki síst að vinna sjálfstæði og fullveldi þjóðarinnar gagn. Markmið þessarar greinar er að vekja athygli á að nú þegar hálf þúsöld er liðin frá upphafi siðbótar Lúthers sé ástæða til að nema staðar og meta hvort þetta viðhorf til siðaskiptanna hér sé enn gilt. Bent var á að þegar þróun mála er skoðuð í evrópsku samhengi blasi önnur og flóknari mynd við. Í Frakklandi myndaðist t.a.m. ekkert valdatóm í kirkjunni á 16. öld þar sem konungur öðlaðist víðtæk yfirráð yfir henni eftir öðrum leiðum en siðaskiptum. Þar í landi var siðbótarhreyfing í anda Calvíns enda brotin á bak aftur. Þetta sýnir að tengslin milli siðbótarinnar, þróunar einvaldsríkisins og yfirráða þess yfir kirkjunni á 16. öld eru mun flóknari en almennt hefur verið gengið út frá. Þá var bent á að trúarhugmyndir og sjálfsskilningur þeirra veraldlegu valdsmanna sem ollu mestu

um siðaskiptin hér á landi, Kristjáns III Danakonungs og Páls Stígssonar höfuðsmanns, hafi valdið miklu um athafnir þeirra. Markmið þeirra með siðaskiptum hér geta því allt eins hafa verið trúarleg og pólitísk að svo miklu leyti sem slík aðgreining hafði merkingu í huga þeirra.

Í stað þeirra viðhorfa sem ríktu í íslenskum sagnfræðirannsóknum á 20. öld og kenna má við byltingarlíkan er hér mælt fyrir því sjónarhorni að siðaskiptin hér hafi falist í langdreginni atburðarás eða þróun er staðið hafi í a.m.k. sex áratugi eða fram undir aldamótin 1600 – þá hafi annars konar þróun, siðbreyting tekið við og staðið í einhverjar aldir. Sú hæga þróun sem hér er mælt fyrir er talin hafa stafað af einsleitni og kyrrstöðu íslenska samfélagsins miðað við mörg önnur og hægfara og náttúrulegri endurnýjun í prestastéttinni svo nokkuð sé nefnt. Einnig var lögð áhersla á að siðaskiptin hafi flætt yfir fjölmörg svið sem nú er venja að halda aðskildum þótt svo hafi ekki endilega verið fyrir á öldum. Í því sambandi má benda á trúarlegt, kirkjulegt, menningarlegt, pólitískt og efnahagslegt svið. Hér er litið svo á að það fari að mestu eftir því viðhorfi sem gengið er út frá hverju sinni hver þessara hliða siðaskiptanna er talin hafa skipt mestu máli og hverjar geti talist mikilvægari en aðrar. Í því efni er varla til eitt rétt eða raunhæft mat þótt hér sé vissulega fremur mælt fyrir hinum mjúku og hugrænu þáttum en hinum efnahagslegu. Í þessu tillit skiptir t.a.m. máli að Lúther kallaði veraldlega valdhafa til trúarlegrar ábyrgðar og taldi þeim bera að styðja siðbót kirkjunnar einmitt vegna hinnar sterku félagslegu stöðu þeirra. Ekki verður því sagt að veraldlegir valdhafar hafi rænt völdum í kirkjunni eða lagt hana undir sig frekar en að þeir hafi rænt hana öllum eignum sínum eins og tíðum hefur verið látið að liggja ekki síst í seinni tíð.

Af þessum sökum er í þessari grein rætt um seigfljótandi siðaskipti bæði á lengdina, þ.e. þegar um tímaspönn þeirra er að ræða, og á breiddina en með því er átt við að þeirra gætti á flestum sviðum samfélags og menningar. Þess er vænst að þetta viðhorf ýti undir endurmat á siðaskiptunum þegar 500 ár eru liðin frá því Lúther negldi 95 yrðingar sínar um aflátið upp á kirkjudyrnar í Wittenberg – ef hann gerði það þá!

ÚTDRÁTTUR

Seigfljótandi siðskipti

Viðhorf og staðalmyndir í siðskiptarannsóknum

Greinin er rituð í tilefni þess að 500 ár eru liðin frá upphafi siðbótarstarfs Marteins Lúthers sem miðað er við 1517. Leitast er við að benda á ný sjónarmið sem vert er að hafa í huga við rannsóknir á helstu afleiðingum siðbótarinnar á pólitísku sviði (siðskipti) og menningar- og/eða félagslegu sviði (siðbreyting). Í þessu sambandi er bent á að við rannsóknir á svo flóknum sögulegum ferlum og siðskiptin eru sé óhjákvæmilegt að ganga út frá fyrirfram völdum viðmiðum sem þjóna sem forsendur fyrir túlkun á viðfangsefninu hverju sinni – í þessu tilviki siðskiptunum.

Bent er á að hingað til hafi verið gengið út frá nokkuð einhliða byltingar-viðhorfi sem gerir ráð fyrir að siðskiptin hafi orðið hér skyndilega og þá að meira eða minna leyti af pólitískum ástæðum, þ.e. vegna viðleitni Kristjáns III Danakonungs til að auka eignir sínar, ítök og völd hér á landi og hafi hann notið til þess fulltingis helstu trúnaðarmanna sinna.

Í greininni eru færð rök að því að tengsl trúar og pólitíkur hafi verið mun flóknari á þessum tíma en almennt hafi verið gert ráð fyrir sem og að Kristján III og menn hans hafi litið svo á að það væri kristileg skylda þeirra að koma hér á siðskiptum og að þeir hafi með því leitast við að svara ákalli Lúthers um að koma kirkjunni til bjargar á grundvelli fagnaðarerindisins. Þá er litið svo á að siðskiptin á Íslandi hafi falist í hægfara þróun á tímabilinu um 1539–1600 sem og að þróunin hafi flætt yfir fjölmörg svið á vettvangi trúar, kirkju, samfélags og menningar.

Lykilorð: Íslensk kirkjusaga, siðskiptarannsóknir, sögutúlkun, hægfara siðskipti, siðskipti og stjórnmál

ABSTRACT

Viscous Reformation

New Paradigms and Stereotypes in Studies of the Reformation in Iceland

This article is written on the occasion of the 500 years anniversary of the Lutheran reformation (siðbót) which started in 1517. The aim is to point out new perspectives worth considering in research on the main implications of the reformation in the political field (siðskipti) and cultural and / or social field (siðbreyting). In this regard, it is pointed out that in researches of such a complex historical process is inevitable to assume pre-defined paradigms that can serve as prerequisites for the interpretation of the subject.

It is also pointed out that, up to present time, a single one-sided paradigm which describes the reformation as a revolution has been assumed in Icelandic studies of the reformation which assumes that the transition from a catholic to a lutheran church in Iceland has been sudden and for more or less political reasons, ie. for the efforts of Christian the III:rd of Denmark to increase his assets, properties and power in the country.

The article argues that the relationships between religion and politics was much more complexed at this time than has generally been expected, as well as that Christian the III:rd and his representatives in Iceland considered it as their duties as christians to promote the reformation in the country and in that way respond to the demand of Luther to the christian nobility to rescue the Church on the basis of the gospel.

In the article it is assumed that the reformation in Iceland happened in the period 1539-1600 and the development took place on various religious, ecclesial, political and cultural fields. In that way it is meaningful to describe it as a viscous reformation.

Keywords: Icelandic Church History, Studies of Reformation, Historical interpretation, Slow Reformation, Reformation and Politics